



# **KYNFERÐISOFBELDI GEGN BÖRNUM**

sifjaspell og afleiðingar þeirra

Dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi tók bæklinginn saman í samvinnu við konur á Stígamótum. Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur endurskoðaði og uppfærði.

Kynferðisofbeldi gegn börnum. Sifjaspell og afleiðingar þeirra

© **Stigamót**

Hverfisgötu 115, Reykjavík

[www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

Fyrsta útgáfa 1993

Önnur útgáfa 1996

Þriðja útgáfa 2001

Fjórða útgáfa 2012

Hönnun og umbrot: Sóley Stefánsdóttir

Prentun: Guðjón Ó. - Vistvæn prentsmiðja



## **EFNISYFIRLIT**

INNGANGUR .....	5
-----------------	---

### **I. HLUÐI**

1. HVAÐ ERU SIFJASPELL? .....	9
2. GOÐSAGNIR OG RAUNVERULEIKI .....	11
Goðsagnir um brotaþola .....	11
Goðsagnir um mæðurnar .....	13
Goðsagnir um ofbeldismennina .....	14
4. HVERNIG BYRJA SIFJASPELL OG HVERNIG LÝKUR ÞEIM? .....	17
5. HVERNIG LÍÐUR BÖRNUM SEM VERÐA FYRIR SIFJASPELLUM? .....	21
6. AÐ LIFA AF; ANDÓFIÐ OG GLÍMAN VIÐ AFLEIÐINGAR SIFJASPELLA ...	23
7. AÐ SEGJA FRÁ - AÐ SEGJA EKKI FRÁ .....	31
8. LÍFIÐ EFTIR AÐ SIFJASPELLUNUM LÝKUR .....	33

### **II. HLUÐI**

1. HVERNIG GETUM VIÐ AÐ HJÁLPAÐ BARNI TIL AÐ SEGJA FRÁ? .....	39
2. HVAÐ GERUM VIÐ EF GRUNUR VAKNAR EÐA BARN	
SEGIR OKKUR FRÁ SIFJASPELLUM? .....	42
3. HLOTVERK BARNAVERNDARNEFNDA OG BARNAHÚSS	
Í SIFJASPELLAMÁLUM .....	48

### III. HLUTI

1. HEGNINGARLÖG OG SIFJASPELL .....	55
Almenn hegningarlög .....	56
2. RÉTTARFARSLEIÐIN .....	59
Lög um meðferð sakamála .....	59
Réttargæslumaður .....	60
Kært til lögreglu .....	62
Læknisskoðun .....	66
Ákærvaldið .....	66
Héraðsdómur .....	67
Málsmeðferð þegar brotþoli er 15 ára eða eldri .....	70
Kröfur um sönnun .....	71
Reglur um fyrningu mála .....	72
Einkaréttarkröfur .....	73
Gæsluvarðhald .....	75
3. RÉTTARKERFIÐ OG BROTAÞOLAR .....	76
Af hverju eru tiltölulega fá sifjaspellamál kærð? .....	80

### IV. HLUTI

1. STÍGAMÓT .....	83
Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar .....	86
Fræðsla og upplýsingar um kynferðisofbeldi .....	87
2. NEYÐARMÓTTAKA VEGNA NAUÐGANA .....	87
2. SKRÁ YFIR HEIMILISFÖNG OG SÍMANÚMER .....	89
3. HEIMILDASKRÁ .....	90

## INNGANGUR

Kynferðisofbeldi er samheiti yfir margs konar atferli, sem á það sameiginlegt að þolendur þess eru beittir ofbeldi, sem ofbeldismaðurinn færir í kynferðislegan farveg. Kynferðisofbeldi miðar að því að lítillækka, auðmýkja, ráða yfir og skeyta ekki um vilja eða líðan þess sem fyrir því verður. Fólki á öllum aldri getur orðið fyrir kynferðisofbeldi og það birtist í mismunandi formi. Það getur t. d. verið sífjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra gegn börnum, nauðganir, vændi, klám og kynferðisáreitni á vinnustöðum og annars staðar. Þá er líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi gegn konum í fjölskyldum einnig skilgreint sem kynferðisofbeldi. Oftast verða konur og börn fyrir kynferðisofbeldi og ofbeldismennirnir eru oftast karlar.

Þessi bæklingur er um sífjaspell og afleiðingar þeirra á þá sem fyrir þeim verða. Efnislega skiptist hann í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn fjallar um sífjaspell og afleiðingar þeirra. Í öðrum hluta er að finna leiðbeiningar um hvernig best er að taka á sífjaspellamálum. Leiðbeiningarnar miðast bæði við það þegar grunur vaknar um sífjaspell og hvað við getum gert þegar barn

segir okkur frá því að það hafi orðið fyrir sifjaspellum. Þar er einnig fjallað um hlut barnaverndarnefnda í slíkum málum. Í þriðja hluta bæklingins eru rakin ákvæði hegningarlaga um sifjaspell og meðferð réttarkerfisins á slíkum málum þegar þau eru kærð. Loks er í fjórða hlutanum að finna upplýsingar um þjónustu og starfsemi Stígamóta. Þar eru einnig upplýsingar um lesefni og aðra aðila sem hafa með sifjaspellamál að gera.

Efni bæklingins miðast fyrst og fremst við reynslu og þarfir þeirra sem beittir hafa verið ofbeldinu, ungra sem aldinna. Markmiðin með gerð hans eru að auka skilning og þekkingu á eðli og afleiðingum sifjaspella og að vinna þannig bug á fordómum varðandi sifjaspell jafnt meðal almennings og faghópa. Enn má finna þau viðhorf í þjóðfélaginu sem valda því að brotapolar geta átt það á hættu að vera stimplaðir annars flokks fólk og að þeir geti sjálfum sér um kennt, verði þeir fyrir slíku ofbeldi og segi frá því. Bæklingurinn er því skrifaður með breiðan lesendahóp í huga. Það er von okkar að hann gagnist sem fræðslurit jafnt foreldrum og faghópum svo sem kennurum, félagsráðgjöfum, leikskólakennurum, hjúkrunarfræðingum og öðrum sem hafa með börn að gera í starfi sínu.

Við samningu bæklingins er fyrst og fremst byggt á reynslu fjölmargra íslenskra kvenna og karla sem hafa orðið fyrir sifjaspellum og hafa leitað til Stígamóta. Einnig er stuðst við niðurstöður úr viðurkenndum rannsóknum á sifjaspellum, eðli þeirra og afleiðingum.

Á áttunda áratugnum var mikil gróska í kvennahreyfingum á Vesturlöndum. Þegar konur fóru að bera saman bækurnar og ræða reynslu sína, kom í ljós að margar þeirra höfðu verið

beittar kynferðisofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni. Þessar konur rufu þögnina sem ríkt hafði um kynferðisofbeldi og þær stofnuðu ráðgjafar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir konur. Fyrst voru stofnuð kvennaathvörf fyrir konur sem voru beittar andlegu og líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Í kjölfarið urðu til ráðgjafarstöðvar kvenna fyrir konur sem hafði verið nauðgað. Sifjaspell voru það kynferðisofbeldi sem fór leyndast og mest bannhelgi hvíldi yfir en nú eru starfandi sjálfs-hjálparhópar og ráðgjafarmiðstöðvar fyrir brotaþola í öllum stærstu borgum vestan hafs og austan.

Íslenskar konur hafa líka látið sig þessi mál varða. Lítil hópur kvenna tók sig saman árið 1986 og stofnaði hóp sem nefndi sig Vinnuhópur gegn sifjaspellum. Þar ræddu þær um reynslu sína af því að vera beittar margháttuðu kynferðisofbeldi og hvað væri hægt að gera hér á landi til að aðstoða konur og börn sem væru eða hefðu verið beitt sifjaspellum. Í desember 1986 hafði hópurinn opinn síma í nokkur kvöld fyrir þolendur sifjaspella og tæplega 30 konur höfðu samband. Fyrsti sjálfshjálparhópurinn var stofnaður og hóf störf í janúar 1987. Ári seinna var hægt að opna skrifstofu hálfan daginn og starfsemin jókst stöðugt. Smám saman hófst samvinna við aðra hópa kvenna sem voru einnig að vinna að því að byggja upp stuðning við konur sem sætt höfðu öðrum tegundum kynferðisofbeldis. Árangur af þessu starfi eru Stígamót. Stígamót eru ráðgjafar- og fræðslumiðstöð fyrir konur, karla og aðstandendur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Stígamót hófu starfsemi 8. mars 1990 og 20 árum síðar höfðu 5.347 einstaklingar leitað aðstoðar.





# I. HLUTI

## SIFJASPELL; EÐLI ÞEIRRA OG AFLEIÐINGAR

### 1. HVAD ERU SIFJASPELL?

Sifjaspell eru ein alvarlegustu afbrot sem framin eru gegn börnum og unglíngum. Sifjaspell eru kynbundið ofbeldi. Það eru oftast karlar sem beita börn sifjaspellum.

Á Stígamótum gerum við greinarmun á kynferðisofbeldi gagnvart börnum og sifjaspellum. Kynferðisofbeldi gagnvart börnum er yfirhugtak. Undir það falla sifjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra gagnvart börnum, barnavændi og barnaklám, þ.e. þegar börn eru notuð í klámmyndum. Sifjaspell eru algengasta form kynferðisofbeldis gegn börnum.

*Sifjaspell eru hér skilgreind sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

Með kynferðislegu atferli er t.d. átt við hvers konar þukl eða káf á kynfærum, að neyða börn til að hlusta eða horfa á klám, að ofbeldismaður lætur barn fróa sér og/eða fróar því, á við barnið samfarir, hvort sem er í munn, leggöng eða endaparm með fingri, getnaðarlim eða hlutum. Tengsl barna við ofbeldismenn í sífjaspellamálum eru margs konar. Þeir eru feður, stjúpfeður, bræður, afar og frændur barnanna. Til þeirra teljast líka nánir vinir fjölskyldunnar, þeir sem taka að sér tímabundna umönnun barns, nágrannar og kennarar svo eitthvað sé nefnt. Eins og áður segir eru gerendur í flestum tilvikum karlmenn.

Skilgreiningin undirstrikar þrjá mikilvæga þætti sem hafa áhrif á upplifun barna af ofbeldinu og möguleika þeirra til að binda enda á það. Þessi atriði eru: valdamismunurinn milli barns og ofbeldismannsins, að barnið er háð honum í einhverjum skilningi og loks að ofbeldismaðurinn misnotar traustið sem barnið ber til hans. Aldursmunur barns og ofbeldismanns og blóðtengsl skipta heldur ekki máli ef barnið er háð þeim sem valdið hefur og rýfur traust með kynferðisofbeldi. Þessi skilgreining er mun rýmri en hefðbundnar lagaskilgreiningar á sífjaspellum en samkvæmt þeim telst kynferðisofbeldi gegn börnum því aðeins sífjaspell að um sé að ræða blóðtengsl í beinan legg milli barns og ofbeldismanns.

Sífjaspell standa yfirleitt yfir í langan tíma, oft mörg ár. Þau eru vafalítið eitt það alvarlegasta sem fyrir börn getur komið og þau setja alltaf varanleg spor á líf þeirra sem fyrir þeim verða. Sífjaspell eru ekki aðeins einstaklingsbundinn vandi þeirra sem beittir eru slíku ofbeldi. Þau eru líka smánarblettur á samfélaginu og þau koma okkur öllum við. Sífjaspell

eru því í senn persónuleg ógæfa og samfélagslegt vandamál.

Margs konar goðsagnir og fordómar um sifjaspell, börnin sem fyrir þeim verða, mæður þeirra og ofbeldismennina, lifa enn góðu lífi þrátt fyrir aukna umræðu um þessi mál. Flestar goðsagnirnar eru spröttar af fræðilegum kenningum, oftast sálfræðilegum, um sifjaspell. Hér verður vikið að nokkrum þeirra.

## 2. GOÐSAGNIR OG RAUNVERULEIKI

### **Goðsagnir um brotþola**

Fyrst er til að nefna goðsögnina um að sifjaspell séu ekki veruleiki, þau séu hugarórar og óskhyggja stúlkubarna um kynferðismök við feður sína. Fáar goðsagnir hafa valdið þolendum sifjaspella eins miklum skaða og þessi. Hún hefur m.a. leitt til þess að sifjaspell hafa legið í þagnargildi allt fram á síðustu ár og börnum og fullorðnum sem sögðu frá sifjaspellum sem þau höfðu þolað, var ekki trúað.

Goðsögnin á rætur sínar að rekja til kenninga austurríska geðlæknisins Sigmundar Freuds. Í upphafi ferils hans við lok síðustu aldar, hafði fjöldi kvenna sem leitaði lækninga sagt honum frá sifjaspellum feðra sinna og nákominna ættingja. Í fyrstu trúði Freud frásögnum kvennanna og kynnti niðurstöður athugana sinna á þolendum sifjaspella fyrir starfsbræðrum sínum. Þeir tóku niðurstöðum hans með miklu fálæti og Freud sá fram á að hann yrði útskúfaður úr vísindasamfélagi þess tíma héldi hann fast við þessa afstöðu. Hann snéri þá við blaðinu og afneitaði frásögnum sjúklinga sinna um sifjaspellin, túlkaði þær sem minningar um kynferðislega hugaróra kvennanna í

bernsku. Á grundvelli þessa hóf hann að þróa kenningar sínar um Ödipusarduldina. Í þeirri flóknu kenningasmíð er meginþemað að ung börn girnist foreldri sitt af gagnstæðu kyni, að löngunin til sifjaspella sé algild.

Jafnvel eindregnustu fylgismenn kenninga Freuds viðurkenna ekki lengur opinberlega kenningu hans um að sifjaspell séu aðeins hugarórar. Sannanirnar um hið gagnstæða eru of yfirþyrmandi til þess að það sé hægt.

Önnur goðsögn gengur út á það að börn njóti sifjaspella og að þau tæli karlkyns ættingja til maka við sig. Rökstuðningurinn sem þessi goðsögn byggir á, er að jafnaði sá að fyrst börn mót-mæli ekki og þar sem sifjaspellin vari oft í mörg ár, hljóti þau að njóta þeirra og vilja þau. Auk þess séu stúlkubörn kynferðislega tælandi. Goðsagnir af þessu tagi lýsa fyrst og fremst hugarfari þeirra sem bera þær á borð. Þær endurspeglar ekki líðan og stöðu barns sem er beitt kynferðisofbeldi af nánum ættingja, eins og nánar verður vikið að síðar. Varðandi hugmyndina um að börn séu kynæsandi og beri þess vegna ábyrgð á því kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir, nægir væntanlega að minna á að börn, allt frá því að þau eru í vöggu, eru beitt sifjaspellum.

Þriðja goðsögnin um börn sem beitt eru sifjaspellum, miðar að því að afmarka þann hóp sem sætir slíku ofbeldi. Þessi goðsögn tekur á sig ýmsar myndir. Staðhæft er að aðeins börn sem koma úr stórum fjölskyldum, þau sem koma úr „vandamálafjölskyldum“, þau sem búa í landfræðilega einangruðum fjölskyldum, þau sem eru „lauslát“ og loks þau sem eiga foreldra sem sjálf hafa orðið fyrir sifjaspellum, séu beitt þessu ofbeldi.

Ekkert af þessu stenst. Rannsóknir á tíðni sifjaspella hafa

leitt í ljós að börn úr hvaða fjölskyldu sem er geta verið beitt kynferðisofbeldi, ef í þeirri fjölskyldu er/u fullorðinn/fullorðnir sem beitir/beita börn kynferðisofbeldi.

### **Goðsagnir um mæðurnar**

Algengasta goðsögnin um mæður barna sem beitt eru sifjaspellum er að mæðurnar viti um sifjaspellin, meðvitað eða ómeðvitað, og hafist ekkert að. Ekki er frekar útskýrt hvernig hægt er að vita um það sem er ómeðvitað. Sé t.d. fjölskyldumeðferð beitt í fjölskyldum þar sem eiginmaðurinn hefur misnotað barn/börn sitt/sín, er gengið út frá því sem gefnu að móðirin hafi meðvitað eða ómeðvitað vitað um sifjaspellin. Margir fagmenn hafa skrifað lærðar greinar um þetta og útlitað hvernig mæðurnar hafi brugðist skyldu sinni sem húsmæður og eiginkonur og ljóst og leynt unnið að því að dóttir þeirra tæki að sér bæði húsmóður- og eiginkonuhlutverkið í fjölskyldunni.

Þessi goðsögn stenst ekki. Hún endurspeglar fyrst og fremst tilraunir til að gera mæður ábyrgar fyrir sifjaspellunum. Slík „hlutverkaskipti“ eru ekki bundin við sifjaspell, þau eru eða voru næsta algeng í barnmörgum fjölskyldum, þar sem á engan var að stóla annan en dæturnar ef móðirin var af einhverjum ástæðum ófær um að gegna hinu hefðbundna húsmóðurhlutverki sínu.

Staðreyndin er að flestar mæður hafa ekki hugmynd um sifjaspellin meðan þau standa yfir. Segi barnið móður sinni frá þeim eða hún kemst að þeim á annan hátt, er það að jafnaði fyrsta verk yfirgnæfandi meirihluta mæðra að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi barnsins.

Þetta er ekki sagt til að draga fjöður yfir það að sumar mæður vita um sifjaspellin en hafast ekkert að og velja þar með að taka afstöðu með ofbeldismanninum og trúa afneitun hans. Slíkt er auðvitað mikið áfall fyrir barnið sem þá stendur eitt og yfirgefið.

Flestum finnst slík afstaða mæðra gjörsamlega óskiljanleg. Áður en við fellum dóma, er rétt að líta í eigin barm og spyrja sig hversu auðvelt okkur þætti að trúa því að maðurinn, sem við búum með, misnoti börnin okkar. Þegar aðstæður þess litla hóps mæðra sem ekki trúir frásögn barna sinna um sifjaspellin, eru athugaðar nánar, hefur einnig komið í ljós að konurnar búa að jafnaði við mikla kúgun af hendi ofbeldismannsins. Það má því leiða líkur að því að þessar mæður sjái enga leið til að takast á við ofbeldismanninn og velji því að hafast ekkert að.

### **Goðsagnir um ofbeldismennina**

Ýmislegt hefur verið fært fram til þess að útskýra sifjaspell ofbeldismanna. Dæmi um þetta er að persónuleikaþróun þeirra sé brengluð, þeir misnoti áfengi og/eða lyf, þeir hafi sjálfir verið kynferðislega misnotaðir sem börn, konur þeirra færast undan kynmökum við þá eða að þeir séu kynferðislega brenglaðir.

Engin þessara skýringa og goðsagna hefur reynst haldbær við nánari skoðun. Kynferðisafbrotamenn falla ekki undir neinar geðrænar sjúkdómsskilgreiningar. Þeir eru ósköp venjulegir karlar, og stundum konur, félagslegur bakgrunnur þeirra er mismunandi. Þeir mynda félagslegan þverskurð af samfélaginu. Þeir eru á öllum aldri, fæstir misnota áfengi eða

lyf. Bandarískar rannsóknir sýna að um 30% þeirra hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í bernsku. Varla getur það að konur þeirra færast undan kynmökum við þá, réttlætt að þeir ráðist á börn úr fjölskyldum sínum til þess að fá kynferðislega útrás. Ítarlegar rannsóknir á dæmdum kynferðisofbeldismönnum hafa heldur ekki leitt í ljós að þessi hópur sé kynferðislega brenglaðri en gerist og gengur.

Það eru hvorki stjórnlaus kynhvöt, sjúklegir eiginleikar né utanaðkomandi aðstæður sem fær fólk til að fremja sífjaspell. Myndin sem birtist af því í frásögnum fórnarlamba þeirra sýnir að hið ytra er lífsferill þeirra óaðfinnanlegur. Það sem einkennir kynferðisbrotamenn sem hópur er hversu venjulegir þeir eru. Kynferðisofbeldið sem þeir beita innan fjölskyldunnar bendir hins vegar oft til samsömunar þeirra við ríkjandi ímyndir af karlmennsku og forréttindum karla. Svo virðist sem þeim finnist það að vera karl veiti þeim rétt til að aga, refsa, misnota og hafa taumhald á konum og börnum.

Goðsagnirnar, sem minnst hefur verið á hér að framan, eru allar til þess fallnar að ala annars vegar á fordómum sem beinast að fórnarlömbum sífjaspella og mæðrum þeirra, með því að gera þær ábyrgar fyrir því ofbeldi sem börnin verða fyrir. Hins vegar miða goðsagnirnar að því að afsaka ofbeldismennina með því að þeir séu sjúkir, gera lítið úr sífjaspellum sem ofbeldi, jafnvel að láta líta svo út að sífjaspell séu „eðlileg“ eða réttlætanagerleg. Þar með er dregið úr ábyrgð ofbeldismannsins á ofbeldisverkum sínum. Jafnframt er biturri og sárri reynslu barna afneitað.



### 3. ERU SIFJASPELL ALGENG?

Á síðari árum hafa farið fram allviðamiklar kannanir vestan hafs og austan á því hversu algeng sifjaspell eru. Það er afar vandasamt að gera kannanir um þetta efni þannig að þær gefi nokkurn veginn rétta mynd af því. Ástæðan er sú að enn hvílir bannhelgi yfir umræðunni um sifjaspell. Sé könnun ekki vel úr garði gerð hefur reynslan sýnt að fæstir brotþolar svara spurningum sem fyrir þá eru lagðar. Niðurstöðum kannana ber því oft illa saman.

Þær kannanir sem vandaðastar eru byggja á viðtölum við alla þá sem veljast í þær með tilviljanakenndu úrtaki. Slíkar kannanir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og þær sýna að 16% stúlkna höfðu orðið fyrir sifjaspellum fyrir 18 ára aldur og 12% fyrir 14 ára aldur. Tölur úr könnunum, þar sem aðrar aðferðir eru notaðar svo sem spurningalistar eða símakannanir, eru ekki eins áreiðanlegar.

Könnunum sem gerðar hafa verið á tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum hér á landi ber ekki fyllilega saman. Á árinu 2006 gerðu Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining rannsókn, meðal nemenda í framhaldsskólum, á kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðislegri misnotkun á börnum. Alls svöruðu 10.642 einstaklingar á aldrinum 16-24 ára könnuninni eða 80% virkra nemenda í framhaldsskólum á Íslandi á þeim tíma. Hvað varðar tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum og unglíngum voru niðurstöðurnar þær að 13,6% stúlkna og 2,8% drengja höfðu orðið fyrir einhvers konar kynferðisofbeldi. Tíðni sifjaspella var ekki rannsökuð sérstaklega. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur, frá árinu 2002, á tíðni kynferðisofbeldis

gegn börnum, höfðu 17% svarenda verið misnotuð fyrir 18 ára aldur, 80% voru konur og 20% karlar. Þetta voru 23% allra kvenna sem svöruðu og 8% karla sem svarar til að fimmta hver stúlka sé misnotuð fyrir 18 ára aldur og tíundi hver drengur. Rannsóknir á sifjaspellum sýna að ofbeldismennirnir eru oftast karlar nákomnir barninu hvort heldur sifjaspellin beinast að stúlkum eða drengjum.

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að algengt sé að sami ofbeldismaðurinn misnoti fleiri en eitt barn í fjölskyldu, svo og að sama barnið megi þola sifjaspell af hendi fleiri en eins karls í fjölskyldunni. Hvoru tveggja hefur verið staðfest í starfi Stígamóta. Tölur í ársskýrslum Stígamóta sýna að einstaklingar sem hafa leitað aðstoðar þar vegna sifjaspella vissu að rúmlega fjórðungur þeirra ofbeldismanna sem beitt höfðu þá kynferðis- ofbeldi höfðu einnig misnotað önnur börn í fjölskyldunni og tæplega helmingur barna hafði verið beittur sifjaspellum af hendi fleiri en eins fjölskyldumeðlims. Enn fremur hefur komið fram að þó sifjaspell komist upp eru miklar líkur á að ofbeldismennirnir láti sér ekki segjast heldur haldi ofbeldinu áfram.

*Sifjaspell eru alvarlegt og tiltölulega algengt ofbeldi. Þau ógna hugmyndum okkar um fjölskylduna sem skjól barna í hörðum heimi. Þau, eins og annað form kynferðisofbeldis, undirstrika að konum og börnum stafar mest hættu af körlum sem þau þekkja og eru tengd blóð- og tilfinningaböndum.*

#### 4. HVERNIG BYRJA SIFJASPELL OG HVERNIG LÝKUR ÞEIM?

Til þess að færa lesandann nær þeirri ógn sem barn stendur frammi fyrir þegar einhver því nákominn beitir það sifjaspellum

verður stuðst við lýsingar kvenna á fyrstu minningunum um sifjaspell. Allar tilvitnanir í bæklingnum eru fengnar úr rannsókn Guðrúnar Jónsdóttur á afleiðingum sifjaspella á konur (Guðrún Jónsdóttir, 1992).

„Fyrstu minningarnar um sifjaspellin eru tengdar því hvað það var alltaf kalt og dimmt. Ég var þá fimm ára og ég sofnaði oft í rúmi foreldra minna. Rúmið var hvítt með háum göflum. Mamma háttaði mig og breiddi ofan á mig. Pabbi háttaði oft á undan henni og hann sagði oft við mig að sér væri svo kalt. Og stundum tók hann mig og lagði mig ofan á sig og ég treysti honum, ég var telpan hans pabba. Einu sinni tók hann mig svona og ég vildi vera svo góð við hann og ég reyndi að breiða mig útyfir hann og hann kallaði mig hitapokann sinn. Ég vildi vera svo góð við hann, hlýja honum og þá fór hann að káfa á mér og ég varð skelfingu lostin. Hann sagði mér að fara úr buxunum og hann fór að setja fingurinn inn í mig. Hann spurði hvort ég fyndi til. Ég sagði nei, en ég fann svo mikið til. Ég man ekkert eftir þetta nema ég var komin í rúmið mitt og það var svo dimmt, mér fannst ég ekki vera til lengur.“

„Ég man vel þegar stjúpi minn byrjaði að misnota mig, ég var þá níu eða tíu ára. Það byrjaði einn morgun, mamma var ekki heima en litli bróðir minn var uppi í rúmi hjá honum. Stjúpi minn spurði hvort ég vildi koma upp í rúmið líka og ég sagði já. Pabbi minn hafði alltaf verið góður við mig, hann strauk mér um kinnina og kyssti mig á ennið þegar ég var komin upp í rúm. En um leið og ég var komin upp í til stjúpa míns byrjaði hann að káfa á mér. Ég reyndi að færa mig undan en hann sagðist mundu kyrkja mig ef ég gerði ekki eins og hann sagði mér að gera.“

„Það byrjaði þegar ég var sjö ára. Ég var þá hjá afa mínum og ömmu af því mamma var á Fæðingadeildinni. Mér þótti vænt um hann þá, fannst hann vera góður afi. Ég var ein með honum eitt kvöldið og við lágum saman upp í sófa að spjalla um eitthvað. Þá fór hann að tala um að konur og karlar ættu að vera góð hvort við annað. Ég man ekki hvað hann sagði fleira um það en hann fór að sýna mér hvernig karlar og konur kysstust. Ég varð alveg rugluð af þessu öllu, skildi hvorki upp né niður. Mér fannst þá að allt sem hann gerði eða sagði væri rétt. Skömmu síðar dró hann mig inn á verkstæðið sitt lokaði dyrunum og reyndi að hafa samfarir við mig en gat það ekki svo ég varð að horfa á hann fróa sér. Og þetta hélt áfram þangað til ég var orðin fjórtán ára. Hann gaf mér peninga og sagði að þetta væri leyndarmálið okkar og ef ég segði frá því skyldi hann sjá til að mér yrði ekki trúað og hann nefndi líka að fólk gæti farið í fangelsi.“

Konurnar lýsa hér margbreytileika varðandi tilfinningalegan bakgrunn, tengsl og aðstæður þegar sifjaspellin hefjast. Stundum er bakgrunnurinn traust og elska barnsins eins og í fyrstu og síðustu tilvitnuninni en stundum notar ofbeldismaðurinn sér þörf barnsins fyrir umhyggju og það hve háð það er því að fá athygli foreldris eins og í annarri tilvitnun. En stundum er ekki hægt að sjá neinn slíkan bakgrunn, annan en hin formlegu tengsl barnsins við ofbeldismanninn sem tryggja honum aðgang að barninu. *Sifjaspell eru þannig misbeiting valds í formi kynferðislegra athafna og traust barnsins er misnotað og svívirt.*

Tilvitnanirnar hér að framan sýna að ofbeldið ber óvænt að. Í öllum tilvikum kemur ofbeldið börnum algjörlega í opna skjöldu og þau upplifa það sem mikið áfall. Það er alltaf

ofbeldismaðurinn sem hefur frumkvæðið og ber ábyrgð á því sem gerist. Það er alltaf vilji hans, vald hans og ákvarðanir sem ráða framvindu ofbeldisins.

Sifjaspell byrja stundum sem þukl og káf og haldast þannig (þ.e. ofbeldismaðurinn lætur barnið fróa sér og/eða hann fitlar við og/eða sleikir kynfæri barnsins). Stundum beita ofbeldismennirnir þukli og káfi um tíma en hefja síðan full kynmök er barnið eldist, ýmist í endaþarm, munn eða kynfæri stúlkna. Stundum hefjast sifjaspellin með kynmökum og haldast þannig allan tímann og það kemur fyrir að stúlkur verði þungaðar af völdum ofbeldismannsins.

Stundum hætta sifjaspell jafn skyndilega og þau byrja og án þess að barnið geti gert sér grein fyrir ástæðum þess. Stundum lýkur þeim vegna þess að ofbeldismaðurinn eða fjölskylda barnsins flytur eða vegna þess að heilsu ofbeldismannsins hrakar mjög eða hann fellur frá. Loks tekst barninu sjálfu stundum að stöðva ofbeldið með mótþróa sínum, með því að sniðganga ofbeldismanninn eða með því að segja frá ofbeldinu, sem þó er fremur sjaldgæft. Ástæðurnar fyrir því að sifjaspellin hætta geta sem sagt verið margvíslegar og möguleikar barna til að sleppa frá ofbeldinu ráðast oft af því hvort ofbeldismaðurinn býr á heimili þeirra eða ekki. Búi hann þar er t.d. illmögulegt að sniðganga hann. Stundum verður það lokavörn unglingsstúlkna að taka upp fast kynferðissamband við sér eldri pilta í von um að ofbeldismennirnir láti þá af ofbeldi sínu gagnvart þeim.

Sifjaspell standa yfirleitt yfir í nokkur ár. Stundum man fólk aðeins eftir einu skipti þegar það byrjar að rifja ofbeldið upp en

oft kemur í ljós við upprifjun að það hefur staðið lengur. Sumar konur muna eftir að sifjaspellin hafi staðið í meira en 10 ár. Stundum eiga konur engar bernskuminningar án sifjaspella.

## 5. HVERNIG LÍÐUR BÖRNUM SEM VERÐA FYRIR SIFJASPELLUM?

Enn verður vísað til lýsinga þolenda sifjaspella um tilfinningalega líðan stúlkna eftir að sifjaspell eru byrjuð.

„Það var allt lokað innra með mér og ég fyrirleit sjálfa mig, mér fannst að það hlyti að vera eitthvað við sjálfa mig sem ylli þessu. Ég ásakaði sjálfa mig, hann gaf mér peninga og það gerði það enn verra vegna þess að þannig tryggði hann að ég gæti ekki sagt frá og mér fannst ég vera eins og hóra.“

„Ég var svo hjálparvana, ég vildi bara helst loka augunum og deyja. Ég skammaðist mín, mér fannst að allir sæju að ég var öðruvísi af því hann hafði gert þetta við mig, en öllum virtist vera sama um hvernig mér leið.“

„Mér fannst ég vera skítug, ljót, svo viðbjóðsleg og ómerkileg. Það versta og erfiðasta í minningunni er, að stundum fannst mér það sem hann gerði ekki svo hræðilega vont, af því að stundum fann ég fyrir kynferðislegri örvun og þá fylltist ég enn meiri sektarkennd.“

„Mér fannst allt dimmt og kalt. Eins og ég hefði dáíð innra með mér, ætti engan pabba lengur, væri tilfinningalaus og að ég gæti engum treyst framar.“

„Mér fannst ég bera ábyrgðina og kenndi sjálfri mér um allar misþyrmingarnar sem hann beitti mig, bæði líkamlegar pyntingar og þær kynferðislegu. Hann sagðist alltaf verða að gera þetta af því ég væri svo vond. Ég held að tilfinningar mínar hafi verið gjörsamlega frosnar. Ég man bara eftir að hafa verið öll dofin. Ég man hvernig ég hnipraði mig saman uppi í herberginu mínu, hlustaði og beið í skelfingu eftir því hvort hann kæmi eða ekki. Verst var þegar gestir komu og maður þurfti að koma niður og heilsa öllum og láta eins og allt væri í lagi. Og allan tímann var maður að hugsa “Guð minn góður hvað á ég að gera” og reyna samtímis að hafa stjórn á sér og reyna að vera eðlilegur. Þegar svo ofbeldið byrjaði var ég öll dofin.“

„Hræðsla, ég man ekki eftir öðru en hræðslu. Ég held að ótti hafi verið öllum tilfinningum yfirsterkari. Ég var eins og dofin, mér fannst að ég yrði að gera allt sem hann sagði mér.“

Án tillits til hversu lengi sífjaspellin standa, hve gömul börn eru þegar þau hefjast, hvort beitt er líkamlegu ofbeldi samfara þeim og hvort ofbeldismaðurinn nauðgar þeim eða heldur sig við þukl og káf, lýsa konur, sem orðið hafa fyrir sífjaspellum, tilfinningum sínum þannig að þeim hafi fundist þær vera hjálparvana, valdalausar, hræddar og að þær gætu engum treyst. Þær lýsa einnig miklum breytingum á sjálfsmynd. Eftir að sífjaspellin hefjast verða ráðandi tilfinningar sjálfsfyrirlitning, sekt, skömm, sjálfsásökun og að þær séu öðruvísi en aðrir.

Tilfinningar eins og þessar eru ekki aðeins ráðandi meðan ofbeldið stendur yfir, þær fylgja fólki fram á fullorðinsár, verða hluti af sjálfsmynd þeirra og hafa áhrif á tengsl þeirra við annað fólk og allt þeirra líf.

Allt þetta tilfinningaumurót tengist síðan hugmyndum um að börn beri ábyrgð á því sem gerist. Þau ásaka sig fyrir að hafa ekki getað komið í veg fyrir sifjaspellin. Sjálfsásökunin verður enn sterkari ef þau hafa tekið við gjöfum eða fundið fyrir kynferðislegri örvun af sifjaspellunum. Það að geta ekki stjórnað líkamlegum viðbrögðum eykur sektarkenndina.

Hvað getur skýrt það að börn taka á sig sökina og ábyrgðina á sifjaspellunum? Trúlega er skýringanna að leita í valda- og réttleysi barna. Eina leiðin fyrir börn til að skýra fyrir sjálfum sér það vonda og hræðilega sem sifjaspellin hafa í för með sér er að leita skýringanna í eigin hegðun eða persónu. Skýringarnar sem eru þeim nærtækastar eru að þetta komi fyrir af því að þau séu gölluð, vond, að sifjaspellin séu einhvers konar refsing sem þau eigi skilið. Staða barna er slík að þau geta ekki útskýrt sifjaspellin fyrir sjálfum sér á neinn annan hátt.

Þrátt fyrir einstaklingsmismun er það áberandi hversu lík upplifun fólks og viðbrögð við sifjaspellum eru, bæði á meðan á þeim stendur og eftir að þeim lýkur. Form þeirra, hve lengi þau standa og tengsl barna við ofbeldismenn breyta þar engu um. *Afleiðingar sifjaspella eru alltaf alvarlegar og það er huglæg upplifun barna, sem ákvarðar skaðsemina, ekki form þeirra eða aðrir ytri þættir.*

## 6. AÐ LIFA AF; ANDÓFIÐ OG GLÍMAN VIÐ AFLEIÐINGAR

### SIFJASPELLA

En eru börn sem verða fyrir sifjaspellum þá ekki fórnarlömb; viljalaus, yfirbuguð, búin að gefast upp? Vissulega eru þau fórnarlömb sifjaspella, vissulega eru þau valdalaus, vissulega



er sjálfsmynd þeirra léleg og þau eru afar auðsæranleg. En þau gefast ekki upp, þau lifa af.

Það er munur á því að vera fórnarlamb og gefast upp og þess sem á engilsaxnesku er kallað „survivor,“ sú/sá sem lifir af. Munurinn felst í því að í síðara tilvikinu tekst einstaklingurinn á við og glímir við það sem ógnar sjálfsmyndinni.

Tilvistarglímutök (coping strategies) eru hugsanir og/eða viðbrögð sem beinast að því að fjarlægja eða bægja frá ógn við sjálfsmynd okkar. Ógn er alltaf huglæg reynsla og leiðirnar sem einstaklingurinn grípur til geta breyst frá einum tíma til annars og þær útiloka ekki hver aðra. Einstaklingurinn metur aðstæður sínar og bjargir, ytri sem innri, og reynir fyrir sér um leiðir eða glímutök til þess að losna við eða draga úr ógninni sem steðjar að (Breakwell, 1986).

Polendur sífjaspella grípa til ýmiss konar aðferða til að ráða við þá tilfinningalegu ógn sem að þeim steðjar og tilraunir þeirra til að binda enda á ofbeldið eru margs konar. Þau eru merki um styrk einstaklingsins. *Viðbrögð barna við sífjaspellum eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.*

Hér verða nefnd nokkur dæmi um glímutök og andóf vegna sífjaspella og sem fyrr fá konurnar sjálfar orðið. Lítum fyrst á nokkur dæmi um mótspyrnu þolenda sífjaspella.

„Ég held að ég hafi verið farin að reikna hann út (frændi, sem bjó ekki á heimilinu en hann misnotaði stúlkuna í 3 ár frá 5 ára aldri). Ég fann á mér þegar hann ætlaði að misnota mig og þá hljóp ég í burtu, lokaði mig inni í herbergi eða hljóp bara út og loksins gafst hann upp. Annar gamall karl, nágranni, reyndi líka einu sinni að fara að káfa á mér, ég hugsa að ég hafi verið um sex eða sjö ára.

Þegar hann byrjaði varð ég ofsalega hrædd og barðist á móti og hann reyndi aldrei aftur. Þegar ég var á fimmtánda ári reyndi maður, sem ég kannaðist við, að nauðga mér í bílnum sínum. Mér fannst ég vera króuð af og ég fór alveg í paník og henti mér út úr bílnum og hann varð hræddur og hætti.“

Þessi stúlka notaði mismunandi glímutök við mismunandi aðstæður og henni tókst að binda enda á ofbeldið. Í öðrum tilvikum reynist það að forðast ofbeldismanninn ekki nóg til að binda enda á sífjaspellin eins og eftirfarandi frásögn ber með sér.

„Ég var víst orðin 13 ára þegar ég man að ég reyndi meðvitað að forðast hann (pabbann) en hann hélt áfram að þvinga mig til að taka þátt í þessu ógeði. Það hætti ekki fyrr en ég var fimmtán ára og ég reyndi að bjarga mér þá með því að vera á föstu með stráki. Ég held að það hafi hjálpað mér að lifa þetta af að ég og systir mín vissum hvor um aðra. Við vissum að hann var að misnota okkur báðar og við stóðum saman um að reyna að forðast hann, þó að það byndi ekki enda á viðbjóðinni í sjálfu sér.“

Mjög oft reyna börn að segja nei og að stöðva sífjaspellin með því móti. Stöku sinnum tekst það eins og eftirfarandi frásögn sýnir.

„Ég fór aldrei til afa nema ég neyddist til þess. Þegar ég var þar var ég alltaf látin sofa í herberginu hjá honum og þar misnotaði hann mig. Allir töldu að við, börnin í fjölskyldunni, elskuðum afa, hann hafði orð á sér sem einstaklega barngóður maður. Þegar ég var loksins orðin 12 ára sagði ég að ég vildi ekki sofa inni hjá afa og þau (sonur hans og tengdadóttir) urðu reið við mig og ég varð að gefast upp. Næst þegar ég átti enn einu sinni að sofa hjá

honum þá tók ég koddann og sængina og fór inn í annað herbergi og sagði við hann „Ég ætla að sofa hér.“ Hann varð öskureiður og hann kom í það minnsta þrisvar inn í herbergið um kvöldið og skipaði mér að koma inn til sín en ég sagði alltaf nei. Ég skil eiginlega ekki enn þann dag í dag hvernig ég gat verið svona ákveðin, held að það hafi verið einhver innri styrkur, að nú væri nóg komið. Ég neitaði alveg að fara þangað aftur eftir þetta nema í fylgd einhvers fullorðins.“

Því miður dugir barni sjaldan að segja nei. Til þess er valdamis-  
munur barns og fullorðins of mikill. Útkoman verður því oftast  
sú að nei barnsins er virt að vettugi eins og eftirfarandi frásögn  
ber með sér.

„Pabbi varð alveg óður ef ég sagði „nei pabbi, ég vil það ekki“ eða  
eitthvað í þá veru. Þá varð hann reiður, stóð fyrir utan herbergis-  
dyrnar mínar og kallaði mig öllum illum nöfnum og hótaði að  
yfirgefa mig, sagði að sér þætti ekki vænt um mig lengur. Ég hélt  
lengi að honum þætti vænt um mig og það var ofsalega erfitt að  
hlusta á hann segja svona hluti. Stundum grét hann þegar ég  
sýndi mótþróa og það að sjá hann gráta fór alveg með mig. Að  
segja nei breytti engu.“

Jafnvel við erfiðustu aðstæður reyna stúlkur að finna leiðir til  
að komast undan eins og eftirfarandi tilvitnun sýnir en í þessu  
tilviki var stúlkan beitt líkamlegu ofbeldi og báðir foreldrar  
hennar drukku mikið.

„Ég reyndi að fá fólk til að gera eitthvað svo ég gæti komist til  
pabba míns aftur. (Hún bjó hjá móður og stjúpa.) Ég bað nágranna-  
konu að hjálpa mér að komast burt með því að hringja í barna-  
verndarnefnd, þeir (barnaverndarnefnd) gerðu ekkert. Mamma  
gat verið svo sannfærandi og einlæg þegar hún var edrú og hún

gat auðveldlega blekkt fólk. Svo ég reyndi að hafa eitthvað fyrir stafni alla daga og vera sem minnst heima, ég þorði ekki að vera heima, þar var ekki hægt að læsa neinum dyrum. Loksins þegar ég var um 13 ára, þá sagði ég pabba mínum frá hvað var að ske (hann gerði ekkert til að stöðva sifjaspellin) og þegar ég var á sextánda árinu hafði ég loksins hugrekki til að verja mig og segja við stjúpa minn að pabbi vissi um þetta og þá loksins hætti hann.“

Enn ein leið sem stúlkur hugleiða og sumar reyna, er að binda enda á ofbeldið með því að hlaupast að heiman. Flestar hverfa frá því ráði þar sem þær sjá enga möguleika á að komast af. Sumar velja þó þennan kost. Starf Stígamóta leiddi í ljós að hluti þeirra stúlkna sem leituðu t.d. til Rauða kross hússins í Reykjavík, leituðu þangað til þess að binda enda á sifjaspell.

Stúlkur og drengir sem flýja sifjaspell með því að fara að heiman, eru að sjálfsögðu afar auðsæranleg og illa í stakk búin til að standa fyrir sínu. Þau eru auðsæranleg tilfinningalega og kynferðislega og illa stödd fjárhagslega. Þessi leið til að komast hjá misnotkun heima fyrir leiðir því oft til frekari kynferðislegrar misnotkunar og neyslu vímuefna. Sem betur fer hefur skilningur meðal starfsfólks í unglíngamálum aukist á því, að sifjaspell eru stundum ástæðan fyrir að ungar stúlkur og piltar fara að heiman og á götuna. Meðferð slíkra mála, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu, hefur því batnað síðustu árin.

Stundum bregðast stúlkur við sifjaspellunum með glímu-tökum sem eru sambland af mótspyrnu og því sem nefna mætti „að loka á“. Í þessu felst að láta undan ofbeldinu, gera sér grein fyrir að valdamismunurinn, þar með talið líkamlegt ofbeldi eða hótanir um það, er slíkur að mótspyrna er vonlaus, en samtímis að sýna mótþróa með því að hleypa ofbeldismanninum ekki að

sér, hvorki að tilfinningum né hugsun. Hér verða nefndar tvær tegundir slíkra glímutaka.

Hin fyrri felur í sér meðvitaðar tilraunir til að hafa fulla stjórn á tilfinningum sínum meðan ofbeldið stendur yfir með því að látast vera sofandi í von um að það komi í veg fyrir ofbeldið og að geta síðan auðveldlegar útilokað það úr huga sér.

„Mér tókst að útiloka sífjaspellin gjörsamlega úr huga mér. Ég þóttist alltaf vera sofandi þegar hann gerði það. Á morgnana tókst mér að útiloka það úr huga mínum þannig að samskiptin við fjölskylduna voru eins og venjulega. Ég hugsaði aldrei um ofbeldið meðan það stóð yfir (c.a. 6 ár) né á eftir. Mér tókst að útiloka það úr huga mínum eins og það væri eitthvað, sem snerti mig ekki. Ég leyfði mér aldrei að hugsa um það eða afleiðingarnar af því.“

Hinni leiðinni og þeirri algengari lýsa konur þannig að þær hafi orðið „dofnar“, „frosnar“, „farið burt í huganum“, „ekki hleypt neinum tilfinningum út“ meðan á ofbeldinu stóð og eftir að því linnti. Eftirfarandi lýsing konu sem sætti líkamlegu og kynferðisofbeldi frá hendi föður frá því hún var sex ára til tvítugs, gefur mynd af hvað felst í þessu.

„Ég gaf aldrei frá mér hljóð hvað sem hann gerði, ég varð að hafa þá sjálfstjórn, annars fannst mér að ég mundi deyja. Hvað sem hann gerði við mig, þá varð ég að hafa stjórn á sjálfri mér, ef hún brysti, bang, þá væri úti um mig. Með því að hafa þessa stjórn gat ég ímyndað mér að það væri ekki að ske, að það tæki brátt enda og hversu mjög sem ég fyndi til þá mætti ég aldrei gefa frá mér hljóð, því ef ég missti stjórnina mundi ég brotna niður og þá mundi hann hafa alla stjórn.“

„Ég hef hugsað um hvaðan mér kom styrkurinn sem nægði til þess að ég hef lifað af og ég held að það hafi verið fullvissan um að einhvern tímann mundi þessu linna og þá gæti lífið hafist. Svo ég varð að hafa stjórn á sjálfri mér og tilfinningum mínum. Ég glímdi líka við þetta með því að sýna heiminum hressa hlið. Ég lagði mig fram um að gefa þá mynd af mér að ég gæti ráðið fram úr öllu og væri hamingjusöm. Ég hugsa að fólk, sem þekkti mig, hafi talið að ég hefði engin vandamál við að glíma. Það kom til mín með sín vandamál. Ég varð að lifa í þessum tvöfalda heimi, það var engin önnur leið.“

*Konur lýsa þannig vel þeim styrk og úthaldi, sem þarf til að lifa sifjaspell af. Þær lýsa hvernig þær reyna að glíma við sifjaspellin með því að gleyma þeim, einangra þau frá daglegu lífi, með því að lifa í tveim heimum, heimi ofbeldisins og hinum venjulega heimi.*

En glímütökin geta brugðist. Stundum sjá börn og unglingar enga aðra leið til að ráða við eða binda enda á ofbeldið en að reyna að svipta sig lífi. Tilraunirnar til mótspyrnu og glímütökin sem notuð eru til að lifa af, leiða ekki til breytinga til hins betra. Sjálfsvíg getur þá virst eina leiðin út úr óbærilegum aðstæðum. Sjálfsvígstilraunir eru líka ákall um hjálp, vísbending um mikla vanlíðan og vonleysi eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér.

„Ég reyndi að stytta mér aldur þegar ég var 13 ára af því að ég gat ekki afborið þetta (sifjaspellin) lengur. Ég vildi að það hætti, ég hataði sjálfa mig af því að ég gat ekki stoppað það og ég vildi ekki vera til lengur. Mér fannst það, að vera ekki til lengur, eina leiðin til að binda enda á ofbeldið.“

Stundum verða sjálfsvígstilraunirnar til þess að umhverfið bregst við og veitir barninu aðstoð. Sjálfsvígshættan er ekki liðin hjá þó sifjaspellin hætti eins og vikið verður að síðar.

Hér hefur verið dregin upp mynd af fyrstu viðbrögðum barna við sifjaspellunum. *Takist þeim ekki að hindra ofbeldið með mótspyrnu og andófi, beinast glímütökin að því að hleypa ofbeldismanninum ekki að sér tilfinningalega, missa ekki stjórn á tilfinningum sínum, halda honum og því sem hann gerði utan hugarheimsins.*

Börn geta auðvitað ekki vitað fyrirfram hvaða áhrif mótspyrna þeirra hefur. Að sjálf sögðu eru möguleikar þeirra til andófs takmarkaðir og takmarkanirnar eru bæði háðar mati þeirra á ytri aðstæðum og eigin björgum. Dæmi um slíkar takmarkanir eru í fyrsta lagi að aldurs-, valda- og félagsleg staða ofbeldismannsins er honum alltaf í hag. Í öðru lagi markast möguleikar til mótspyrnu af ytri aðstæðum svo sem hvort ofbeldismaðurinn býr á heimilinu eða ekki. Loks eru möguleikar til mótspyrnu háðir mati barna á innri björgum þeirra sjálfra og ytri björgum eins og stuðningi og þjónustu af ýmsu tagi.

Það er í góðu samræmi við reynslu barna að túlka viðbrögð þeirra við sifjaspellum sem tilvistarglímu. Þau eru ekki sjúkleg einkenni heldur heilbrigð, eðlileg viðbrögð við alvarlegu áfalli, viðbrögð sem miða að því að lifa af. Tilvistarglímütök eru merki um styrk, ekki uppgjöf eða sjúkan persónuleika. Sá skilningur, að þar sem valdi er beitt sé alltaf möguleiki til andófs og að leiðirnar sem valdar eru, markist af mati einstaklinga á aðstæðum sínum og innri og ytri björgum, liggur til

grundvallar slíkri sýn. Þessi skilningur hefur áhrif á hvernig unnið er með börnum og fullorðnum, sem beitt hafa verið þessu ofbeldi í bernsku.

## 7. AÐ SEGJA FRÁ - AÐ SEGJA EKKI FRÁ

Fæst börn segja frá séu þau beitt sifjaspellum, þau verða best geymda leyndarmál barnsins. Innra með þeim er þó stöðug barátta um hvort þau eigi að segja/geti sagt frá eða ekki. Hvor leiðin verður ofan á getur ráðist af því hvernig barnið skynjar viðhorf fólks í nánasta umhverfi til sín og til kynferðisofbeldis.

Segi börn frá sifjaspellum, velja þau oft sem trúnaðarmann sinn, vinkonu sína, vin eða einhvern fullorðinn sem þau treysta. Sjaldnast segja börn móður sinni fyrst frá. Þetta er ekki merki um að börnin vantreysti mæðrum sínum eða að mæðurnar bregðist þeim. Skýringin er fremur sú, að sifjaspell hafa mikil áhrif á tengsl mæðra og barna, þau fjarlægja börnin tilfinningalega frá mæðrum þeirra og virðist ekki skipta máli hver ofbeldismaðurinn er. Sektarkennd barnanna og það að þau taka á sig leyndina og ábyrgðina á ofbeldinu er orsök, ekki vanhæfni mæðra. Margar konur lýsa tilfinningum eins og þessum til mæðra sinna eftir að sifjaspellin eru byrjuð.

„Ég fjarlægðist mömmu eftir að sifjaspellin byrjuðu, ég þorði ekki að mæta augnaráði hennar, fannst hún þá geta séð hvað hefði skeð. Ég gat snúið mér til hennar með aðra hluti en mér fannst ég aldrei geta sagt henni frá sifjaspellunum.“

Stundum hefur ofbeldismaðurinn líka vísvitandi haft áhrif á samband móður og barns, t.d. með hótunum eða einangrun



í því skyni að útiloka að barnið geti leitað til móður sinnar.

En af hverju segja börn ekki strax frá þegar þau verða fyrir sifjaspellum? Til þess að skilja betur stöðu barnsins og geta þar með hugsanlega auðveldað því að segja frá er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

Venjulega eru tilfinningatengslin og valdamismunurinn, bæði vegna kyns og aldurs, milli ofbeldismanns og barns nægileg til að tryggja ofbeldismanninum að barnið segi ekki frá sifjaspellunum og að hann geti því farið sínu fram. Stundum beitir hann bæði líkamlegu ofbeldi og/eða hótunum um það til að tryggja þögn barnsins. Algengara er þó að ofbeldismaðurinn beiti ógnunum og gjöfum til að tryggja þögn barna. Algengustu ógnanirnar eru „enginn trúir þér,“ „þú ert vond og ferð til helvítis,“ „þú verður sett í fangelsi ef þú segir frá“ og „fjölskyldan splundrast, mamma þín afber það ekki,“ „ég drep mömmu þína ef þú segir frá.“ Slíkar ógnanir eru ekki aðeins tæki til að tryggja þögn barna, þær auka einnig sektarkennd þeirra.

Þetta skýrir að hluta til hvers vegna tiltölulega fá börn segja frá sifjaspellum meðan þau standa yfir. Auk þess eru mörg börn hrædd um að þeim verði ekki trúað, segi þau frá. Þau gera sér grein fyrir að ofbeldismennirnir munu segja þau ljúga, það yrðu þeirra orð gegn orðum fullorðins og þau vita sem er að fullorðið fólk trúir fullorðnum yfirleitt fremur en barni. Stundum segja börn ekki frá vegna þess að þau eru að vernda fjölskyldu sína fyrir þeirri röskun sem þau vita að muni leiða af því að sifjaspellin komist upp. Loks hindrar tilfinning þeirra um sekt sína og skömm þau í að segja frá ofbeldinu. Nátengt þessu síðasta er að börn virðast reyna að gleyma sifjaspellunum, útiloka þau úr

vitund sinni bæði meðan þau standa yfir og eftir að þau hætta eins og vikið var að hér að framan.

Allt það sem hér hefur verið talið upp stuðlar að því að sektarkenndin og tilfinningin um að þau beri ábyrgð á ofbeldinu, sem þau eru beitt, festa rætur innra með þeim.

## 8. LÍFIÐ EFTIR AÐ SIFJASPELLUNUM LÝKUR

Það kemur varla á óvart, þegar höfð eru í huga þau djúpstæðu áhrif sem sifjaspellin hafa á sálarlíf barna, að þau haldi áfram að hafa áhrif á þau sem fyrir þeim hafa orðið. Almennt má segja að líf þolenda sifjaspella einkennist af stöðugri baráttu og tilraunum til að ráða við og bregðast við eftirköstum sifjaspellanna og lifa þau af.

Hið ytra er líf brotaþolanna oftast fjarskalega venjulegt, þeir eiga börn, stunda atvinnu, giftast og skilja ef svo ber undir. Að jafnaði er sem sagt ekkert sérstakt í útliti og ytra lífshlaupi flestra þeirra sem gefur til kynna að þar fari þolandi sifjaspella.

Langsamlega flestir sem verða fyrir sifjaspellum, reyna að gleyma þeim eða gera lítið úr þeim. Minningarnar eru þó enn til staðar og skjóta stundum upp kollinum en fólk bregst yfirleitt við þeim með því að bæla þær aftur niður og/eða gera lítið úr þeim. Þar af leiðandi tengir það sjaldnast vanlíðan sína og erfiðleika sifjaspellunum.

Fast samband við hitt kynið eða aðrar ytri breytingar á lífi þess verða oftast til að vekja minningarnar upp aftur. Auk þess lýsa margar konur því sem við nefnum skyndimyndum (á ensku flash-back.) Um er að ræða að snerting, lykt eða ákveðnar aðstæður verða til þess að skyndimynd eða myndbrot frá

ofbeldinu þrengir sér inn í vitund konunnar án þess að hún geti haft stjórn á því. Skyndimyndirnar og óljósar minningar um sífjaspellin og viðbjóðinn tengdan þeim verða oft til þess að kynmök verða erfið og oft næsta óbærileg.

Það er fyrst og fremst innri barátta við afleiðingar sífjaspellanna sem einkennir líf eftir ofbeldið. Þessi innri átök eiga sér stað án tillits til með hvaða formi, hve lengi og hver tengsl þeirra við ofbeldismanninn eru. *Algengasta sjálfsmyndin, sem þolendur lýsa, er að vera einskis virði, duga ekki til neins og að treysta engum. Léleg sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, einsemd, depurð, tilfinningalegur doði, þunglyndi, vonleysi og stundum ótti við að vera að missa vitið, eru ríkjandi tilfinningar eins og eftirfarandi ummæli eru dæmi um.*

„Innra með mér var alltaf þessi tilfinning að ég væri geðveik en að enginn vissi það og ég yrði að vera varkár og hegða mér svona og svona svo enginn kæmist að því. Þetta reyndi mikið á mig. Mér fannst ég vera einskis nýt, heimsk, feit, ómöguleg á allan hátt. Mér fannst útilokað að ég gæti orðið neitt eða náð neinu marki. Ég var öll í því að reyna að þóknast öðrum. Mér fannst ég vera tuttugu mismunandi einstaklingar og það tók virkilega á taugarnar að halda sér gangandi.“

„Ég var samanherpt, full af hatri, reiði og viðbjóði á sjálfri mér en á ytra borðinu var ég þessi hamingjusama persóna. Ég var alltaf að byrja á hlutum en gat aldrei lokið þeim. Gat aldrei verið á sama stað einhvern tíma, alltaf á flóttu frá lífinu, drakk mikið og var í því að niðurlægja sjálfa mig.“

„Árum saman eftir ofbeldið fannst mér ég ekki vera einstaklingur, mér fannst ég vera eins og dauð. Ég reyndi að gleyma sifjaspellunum, tengdi aldrei neitt af öllu því sem kom fyrir mig, það bara skeði.“

„Sjálfsmynd mín var mjög neikvæð. Ég þorði aldrei að hafa skoðun á neinu eða mótmæla neinu. Mér fannst ég ekki geta gert neitt rétt, mér fannst ég vera algjörlega vonlaus á öllum sviðum. Sifjaspellin hafði ég grafið djúpt í huga mér.“

Tilfinningin að geta ekki haft stjórn á lífi sínu, að vera ofurseld vilja annarra og hin stöðuga sektarkennd sem hér er lýst og hrjáir flesta brotþola eru leifar frá sifjaspellaferlinu. Hið sama á við um hvoru tveggja, að tengja ekki áföll fyrri reynslu en telja þau galla hjá sjálfum sér og hina ráðandi tilfinningu um að vera einskis virði. Konur lýsa þessu þannig:

„Áður var sjálfsmynd mín mjög neikvæð. Ég þorði aldrei að hafa skoðun, segja hug minn eða gera neitt á eigin spýtur. Mér fannst ég aldrei gera neitt rétt, mér fannst ég vera vonlaus. Ég reyndi að vera góð móðir og eiginkona en dugði ekki einu sinni til þess“

„Aðrir hafa ráðskast með mig alla ævi. Ég var aldrei sátt við sjálfa mig. Ég vildi ekki tengjast fólki of náíð, ýtti öllum frá mér en þráði samt ekkert heitara en að njóta ástar og umönnunar en þorði engum að treysta.“

„Ég gat aldrei varið sjálfa mig. Ég vissi að ég átti sama rétt og aðrir en samt gat ég aldrei staðið fyrir máli mínu og ég var svo einmana og þunglynd. Mér fannst ég vera lifandi dauð.“

„Í 12 ár var ég eins og lokuð í mínum litla heimi innan fjögurra

veggja heimilisins, tók aldrei þátt í neinu og ég held að það hafi verið af því að sjálfstraustið var ekkert. Ég bara lét allt yfir mig ganga, reyndi að gera mitt besta við að ala upp börnin mín. Stundum komu tímabil þegar ég hleypti engum tilfinningum að en svo gátu þær skyndilega brotist fram án fyrirvara þegar einhver sagði eitthvað eða bara af því sem var í sjónvarpinu og ég varð ofsalega upptætt tilfinningalega. Þegar ég var yngri og sá stelpur sem stóðu á eigin fótum var það mér óskiljanlegt hvernig þær gátu það. Mig skorti alltaf sjálfstraust. Þessar tilfinningar leita stundum enn á mig þegar ég er með vini mínum og ég hugsa, „hvernig nennir þú að vera með mér.“ Mér finnst stundum enn að ég sé algjör drusla og spyr sjálfa mig hvort honum finnist hann ekki óhrein af því að vera með mér.“

Eru þessi viðbrögð sem ummælin hér að framan endurspeglar ekki merki um sjúklegt hugarástand einstaklinganna? Það er ekki skoðun okkar á Stígamótum. Við lítum á þessi viðbrögð sem einu færnu leið þeirra til að lifa af. Við teljum að um sé að ræða félagslega skilyrta leið, sem stafar af því að einstaklingurinn fékk enga hjálp eða stuðning, sem gagnaðist meðan á sífjaspellunum stóð og eftir að þau hættu. Við byggjum þessa skoðun m.a. á því að brotaþolar, sem leita til Stígamóta, segjast þá fyrst hafa farið að muna meira frá tíma sífjaspellanna og farið að tengja lífsferil sinn og það hvernig þau reyndu að lifa ofbeldið af og afleiðingar þess. Það er fyrst á Stígamótum sem þau finna til þess öryggis, stuðnings og trúnaðar sem er forsenda þess að takast á við fortíðina og huga að breytingum á lífi sínu.

Í ljósi þess, sem að framan er sagt um afleiðingar sífjaspella á líf kvenna og karla, er nærtækt að líta á afleiðingarnar sem missi. Missirinn sem fólk verður fyrir tekur til margra þátta. *Fólk*

*sem orðið hefur fyrir sifjaspellum fer á mis við öryggi, sjálfstæði, sjálfsstjórn, sjálfsálit og sjálfsvirðingu. Það glatar minni, félagslegri stöðu, trausti, jákvæðu viðhorfi til kynlífs. Það missir húsnæði og eignir, vinnu, börn sín, menntunarmöguleika, styðjandi tengslanet, vini og skyldmenni, heilsu og jafnvel lífið sjálft. Það má því með sanni segja að sifjaspell hafi neikvæð áhrif á flesta þá þætti sem teljast til lágmarks mannréttinda.*

Það hve missirinn verður á mörgum sviðum, hvað hann stendur lengi, og hvaða áhrif hann hefur á líf fólks og valmöguleika, byggist á flóknu samspili sifjaspellareynslunnar, hvernig fólk tekur á henni, möguleikum þess til að bregðast við og loks stuðningnum sem það fær frá öðrum.

Líf brotaþola er ferli þar sem þeir takast á virkan hátt á við neikvæðar afleiðingar sifjaspellanna. Stundum gefast þeir upp tímabundið í þeirri glímu en að baki uppgjafarinnar og sársaukans lifir vonin um betri tíð og barátta þeirra við að ná aftur tókum á lífinu heldur áfram eins og eftirfarandi tilvitnun sýnir.

„Fyrir nokkrum árum, þegar ég var sem lengst niðri var eins og það kviknaði ljós innra með mér - já það er til leið fyrir mig, kannski ég geti gert eitthvað með líf mitt. Þá byrjaði löng þrautanga, að fara að hugsa um allt það sem fyrir mig hafði komið og bregðast við því.“

Stundum bregðast þó glímutökin og fólki finnst engin lausn í sjónmáli önnur en sú að stytta sér aldur. Í ársskýrslum Stígamóta kemur fram að um helmingur þeirra einstaklinga sem leita til Stígamóta árlega höfðu hugleitt sjálfsvíg

einhvern tímann á ævinni og að rúmlega 15% þeirra höfðu gert sjálfsvígstilraunir á fullorðinsaldri, jafnvel ítrekað.

Þegar fólki gefst tækifæri til að horfa um öxl og huga að viðbrögðum sínum við sifjaspellunum og þeim valkostum sem því fannst sér bjóðast, upplifir það fyrri glímutök yfirleitt neikvætt. Mörgum auðnast að velja ný glímutök, nýjar leiðir sem eru í samræmi við nýjan skilning þeirra á lífi sínu, fái þau tækifæri, skilning og stuðning til þess að ræða af einlægni um reynslu sína. Slíkt breytir ekki aðeins lífi einstakra kvenna og karla, það getur einnig leitt til samstöðu þeirra og félagslegra aðgerða sem byggja á þeim skilningi að sifjaspellin og erfiðleikar þeirra séu ekki aðeins einstaklingsbundin ógæfa, hvort tveggja eigi sér félagslegar orsakir og þeim megi breyta. Stígamót og starfsemi þeirra eru sönnun þess.

## II. HLUÐI

### MEÐFERÐ SIFJASPELLAMÁLA

#### 1. HVERNIG GETUM VIÐ AÐ HJÁLPAÐ BARNI TIL AÐ SEGJA FRÁ?

Af framangreindu má ljóst vera að það er við ramman reip að draga að fá börn til að segja frá og tala um sifjaspell sem þau hafa verið beitt. Viðhorf einstaklinga og samfélagsins í heild til sifjaspella skipta miklu máli varðandi það hvernig til tekst að fá barn til að segja frá slíkri reynslu. Eftirfarandi tvö atriði sem bæði beinast að okkur sjálfum og viðhorfum okkar eru forsenda þess að við getum hjálpað barni til að segja frá sifjaspellum.

Fyrsta skilyrðið er að horfast í augu við og viðurkenna að sifjaspell eru veruleiki margra barna, að þau eiga sér stað í allskyns fjölskyldum, hugsanlega líka í þinni fjölskyldu.

Annað atriðið er að við trúum frásögn barna um það ofbeldi sem þau hafa verið beitt. Því hefur verið haldið fram að börn hafi svo ríkt ímyndunarafli að þau geri ekki greinarmun á



ímyndun og raunveruleika. Því er til að svara að ímyndanir barna eiga sér alltaf rætur í raunveruleikanum. Það hefur einnig sýnt sig að jafnvel mjög ung börn geta munað og endursagt liðna atburði. Rannsóknir hafa einnig staðfest að treysta má frásögnum barna um að þau hafi verið beitt sifjaspellum. Sú skoðun að frásögnum barna sé ekki trúandi vegna þess að þau hafi svo ríkt ímyndunarafl er því úr lausu lofti gripin.

Stundum kemur það fyrir að börn dragi til baka fyrri framburð sinn. Það er ekki merki um óreiðanleika þeirra. Ástæður þessa eru að annað hvort ógnar ofbeldismaðurinn barninu eða að það sjálft treystir sér ekki til að fylgja frásögninni eftir fái það ekki nægan stuðning til þess frá samfélaginu og fjölskyldu sinni.

Nokkur umræða hefur orðið um að foreldrar, sem eiga í hatrömmum forsjardeilum, leggi börnum orð í munn í þá veru að annað foreldrið hafi misnotað það kynferðislega. Það hefur sýnt sig að þetta er sjaldgæft og þeir sem hafa reynslu af að tala við börn um sifjaspell eiga yfirleitt tiltölulega auðvelt með að meta hvort saga barnsins er uppspuni eða ekki. Það má ráða af orðavali, lýsingu og tilfinningalegum viðbrögðum barnsins.

Reynslan er að börn segja yfirleitt ekki frá nema broti af þeirri misnotkun, sem þau verða fyrir. *Reglan er því að óhætt er að trúá börnum þegar þau segja frá sifjaspellum eða öðru kynferðisofbeldi.*

Leiðirnar til þess að auðvelda börnum að segja frá eru margvíslegar. Hér verður minnst á nokkrar. Hin fyrsta er að ræða við öll börn um að stundum verði börn fyrir því að þeim eldri börn eða fullorðnir, bæði ókunnugir og einnig fólk sem

er þeim nákomid, káfi eða þukli á þeim á þann hátt sem þau sjálf vilja ekki. Undirstrika þarf að það sé rangt að gera slíka hluti, að barnid sem fyrir því verði, beri enga ábyrgð á því og að barnid ætti að segja einhverjum sem það treystir, strax frá ef slíkt kemur fyrir svo hægt sé að stöðva það. Allir foreldrar, kennarar, leikskólakennarar og aðrir þeir sem hafa umsjón með börnum, ættu að temja sér að ræða um þessa hluti við þau börn sem eru í þeirra umsjá. Það eru bein skilaboð til barna um að hinir fullorðnu séu reiðubúnir til að vernda barnid og taka á sig ábyrgð á að gera eitthvað í málinu, sé barn beitt kynferðis- ofbeldi af einhverju tagi.

Í öðru lagi verðum við að gera okkur grein fyrir að stundum reyna börn að segja okkur frá sifjaspellunum óbeint, t.d. í teikningum og sögum. Mörg yngri börn hafa ekki hugtök til að segja frá beint. Þau kunna þess í stað að nota leiki, teikningar eða myndhverfar frásagnir til þess að tjá sig. Dæmi um mynd- hverfar frásagnir eru að pabbi eigi ófreskju sem sé í rúminu, að ormur hafi bitid þau eða að pabbi setji mjólk í pissid.

Stundum sýna börn mikla tregðu við að fara í heimsókn til einhvers í fjölskyldu eða vinahópi okkar. Þá er sjálfsagt að gefa sér tíma til að kanna hver ástæðan er í stað þess að þvinga barnid til að fara.

*Margir halda að börn sem verða fyrir sifjaspellu, sýni ákveðin einkenni þess í hegðun. Það er ekki tilfellið, sifjaspellum fylgja engin afdráttarlaus einkenni. Hitt er rétt að börn sem verða fyrir sifjaspellum, sýna stundum almenn einkenni um tilfinninga- lega og líkamlega vanlíðan. Okkur ber að kanna slíkt og þá er mjög mikilvægt að hafa í huga að ástæðan fyrir vanlíðunar-*

einkennum kann að vera að barnið hafi verið kynferðislega misnotað og um það þarf að ræða við barnið.

Hér hafa aðeins verið nefndar nokkrar leiðir til þess að auðvelda börnum að segja frá séu þau beitt sifjaspellum. Við verðum þó að hafa í huga að börn eru oftast treg til að segja frá slíku af þeim ástæðum sem þegar hafa verið raktar hér að framan. *Forsendur þess að okkur takist að vinna trúnað og traust barna og að þau segi frá sifjaspellum eru að við, hinir fullorðnu, sýnum börnum þolinmæði, berum virðingu fyrir þeim og höfum hæfni til að setja okkur í spor þeirra.*

## 2. HVAD GERUM VIÐ EF GRUNUR VAKNAR EÐA BARN SEGIR OKKUR FRÁ SIFJASPELLUM?

Það er alltaf mikið áfall að komast að því eða gruna að barn sem hefur verið í umsjá okkar hafi verið beitt sifjaspellum. Áfallið er að sjálfsgöðu enn þyngra ef um eigið barn er að ræða. Margvíslegar og oft andstæðar tilfinningar geta togast á í huga okkar. Reiði, sorg, hryllingur, vonleysi, löngun til að afneita raunveruleika sifjaspella og e.t.v. hálfgleymdar minningar um kynferðislega áreitni eða ofbeldi sem við sjálf höfum verið beitt, geta skotið upp kollinum við slíkar aðstæður. Þá kann að vera freistandi að loka augunum og hafast ekkert að en það er það versta, sem við getum gert barni, þegar svona stendur á.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að benda á sérlega erfiða stöðu mæðra barna sem komast að því að eiginmenn/sambýlismenn þeirra hafa misnotað barn/börn þeirra kynferðislega. Þegar fyrsta áfallið er gengið yfir standa mæðurnar t.d. frammi fyrir því hvort þær eigi að trúá barninu

eða ofbeldismanninum sem oftast neitar öllum sakargiftum. Trúi mæður börnum sínum blasir við þeim upplausn fjölskyldunnar, efnahagslegir erfiðleikar og skömmin sem enn fylgir því þegar sifjaspell koma upp í fjölskyldum. Þrátt fyrir þetta trúir yfirgnæfandi meirihluti mæðra börnum sínum og stendur með þeim. Nauðsyn er að veita móður og barni/börnum stuðning og hjálp til að endurheimta fullan trúnað og traust þeirra á milli og að tryggja öryggi og efnahagslega afkomu fjölskyldunnar.

Hafni móðir frásögn barnsins og ákveði að búa áfram með ofbeldismanninum þrátt fyrir allan þann stuðning sem hægt er að veita henni, blasir ekkert annað við en að finna barninu/börnunum annan samastað. Það er hlutverk barnaverndarnefndar að taka slíkar ákvarðanir. Verði málalok þannig er það að sjálfsgöðu mikið áfall fyrir barnið/börnin. Eftir að sifjaspell komast upp og ef ofbeldismaðurinn er faðir/stjúpi barnsins er móðir þess eina varanlega haldreipi þess. Bregðist það þarf barnið einkar mikinn stuðning og hjálp við að vinna úr tilfinningum sínum.

Óhjákvæmilegt er einnig að minnst á kyn þess sem veitir barni sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi, aðstoð og stuðning. Eðli málsins samkvæmt getur það verið hindrun að vera karlkyns þegar svona stendur á. Hætta er á að börn yfirfæri tortryggni sína og hræðslu við ofbeldismanninn á karlmann, sem vill aðstoða þau hafi karlmaður beitt ofbeldinu. Loks er þess að geta að sumir karlar kunna að samsama sig fremur við ofbeldismanninn en barnið. Karlar sem stuðningsmenn barna verða að vera vel meðvitaðir um ofangreindar hindranir.

Hér að neðan fara almennar grundvallarreglur um hvernig

Þú getur best stutt við og hjálpað barni sem beitt hefur verið sífjaspellum, hvort heldur sé um grun að ræða eða barnið sagt frá ofbeldinu. Þær eru byggðar á viðhorfum sem taka fyrst og fremst mið af hagsmunum barnanna og þær eiga við hvort sem þú ert foreldri, nákomin/n barninu, fóstura þess, kennari, starfsmaður barnaverndarnefndar eða annar fagmaður.

**1** Vakni hjá þér grunur um að barn hafi verið beitt sífjaspellum en það hikar við að segja frá því, skiptir miklu að þú reynir að láta barnið finna að það geti snúið sér til þín þegar það er sjálft tilbúið að tala um hlutina. Þú getur gert það t.d. með því að ræða almennt og að fyrra bragði við barnið um að stundum verði börn fyrir kynferðisáreitni eins og drepið var á hér að framan. Einnig er hægt að nálgast efnið með því að tala um leyndarmál, að sum leyndarmál séu vond eða erfið og þá sé gott og rétt að segja frá þeim. Tilgangurinn er að barnið finni að það sé hægt að treysta þér, að þú sért ekki hrædd/ur við að heyra það sem það hefur að segja þér.

Á það skal bent að samtökin **Réttindi barna** hafa gefið út teiknimynd ásamt stuðningsefni til að fræða börn um góð leyndarmál og slæm leyndarmál. Teiknimyndin heitir **Leyndarmálið segjum nei, segjum frá!** Hún er forvarnarfræðsla um kynferðislega misnotkun og var unnin, ásamt stuðningsefninu, í samstarfi við fagaðila. Hægt er að kynna sér efnið og horfa á teiknimyndina á [www.reykjavik.is/leyndarmalid](http://www.reykjavik.is/leyndarmalid).

**2** Segi barn þér frá því að það sé beitt kynferðisofbeldi, skiptir miklu að hlusta vel á það sem barnið segir og spyrja

almennra spurninga þar til þú ert viss um að þú skiljir það rétt. Mikilvægt er að þú farir ekki að yfirheyra barnið, *leyfðu því að ráða ferðinni*. Barnið segir kannski í upphafi aðeins brot af því sem gerst hefur. Traust þess á þér og mat þess á viðbrögðum þínum hafa áhrif á hversu miklu og hversu hratt barnið segir þér frá.

**3** Þú þarft að koma til skila til barnsins að þú trúir því. Vertu róleg/ur og huggaðu barnið og láttu vel að því. Láttu í ljós að börn eigi ekki að bera ábyrgð á fullorðnum og segðu barninu að þetta hafi komið fyrir aðra, það sé ekki eitt. Jafnframt þarf barnið að fá að heyra:

- að það hafi verið hugraki að segja frá og að þú skiljir að það hafi verið erfitt. Þar með leggur þú þitt af mörkum til að aðstoða barnið við að byggja aftur upp sjálfsmynd sína,
- að þú finnur til með því vegna þess sem það hafi mátt þola,
- að barnið beri ekki ábyrgð á sifjaspellunum, þau séu ekki því að kenna,
- að ofbeldismaðurinn hafi gert rangt og beri einn ábyrgð á því sem gerðist,
- að þú látir þér annt um það/þyki vænt um það/þú munir hjálpa því. Það sem þú segir ræðst af því hvernig þú tengist barninu.

**4** Mundu að hlutverk þitt er ekki að yfirheyra barnið heldur að styðja það og hjálpa því til að tjá tilfinningar sínar í tengslum við ofbeldið. Gerðu ráð fyrir að barninu finnist það bera ábyrgð á sifjaspellunum og reyndu að fá það til að ræða um af hverju það telji að þau hafi átt sér stað. Kannaðu líka

hvort barnið sé hrætt við eitthvað í sambandi við sífjaspellin. Svör barnsins geta skýrt hvers eðlis sjálfsásakanir barnsins eru og hvort ofbeldismaðurinn hafi ógnað því. Forðastu hvers vegna og af hverju spurningar. Setningar eins og „ertu viss? hvers vegna sagðir þú mér það ekki fyrr?“ eiga ekki við.

Gerðu barninu ljóst að jafnvel þó það hafi brotið einhverjar reglur eða óhlýðnast foreldrum séu sífjaspellin ekki þess sök. Gerðu ráð fyrir þeim möguleika að ofbeldismaðurinn hafi snert barnið þannig að það hafi fundið fyrir kynferðislegri örvun samfara ofbeldinu og að þetta valdi barninu áhyggjum og að því finnist erfitt að ræða það.

**5** Miklu skiptir að vekja ekki falskar vonir hjá barninu með því til dæmis að segja „nú verður allt gott fyrst þú sagðir mér frá því“. Jafnvel ung börn geta gert sér grein fyrir að uppljóstrun sífjaspella hefur áhrif og afleiðingar í fjölskyldu þess. Vertu hreinskilin/n varðandi það sem þú hefur vald til að gera. Ef þú ert ekki örugg/ur eða veist það ekki, þá segðu barninu það.

Gefðu barni heldur engin loforð sem þú getur ekki staðið við. Börn byrja oft að segja frá með þeim fyrirvara að enginn annar megi fá að vita hvað kom fyrir. Útskýrðu þá fyrir barninu að slíkt loforð getir þú ekki gefið en að þú viljir reyna að hjálpa því og hlusta á það. Börn vilja losna frá sífjaspellunum og þau skilja fljótlega þegar rætt er við þau að það gerist ekki nema með því að málið sé opnað og tekið í taumana. Okkur finnst miklu skipta í öllu starfi með þolendum kynferðisofbeldis, hvort sem það er fullorðið fólk eða börn, að taka ekki ráðin af fólki heldur

reyna að aðstoða það við að finna eigin lausnir. Þessi afstaða þýðir ekki að barnið sé látið bera ábyrgð á hvort sifjaspellamál eru gerð opinber eða ekki. Í henni felst virðing fyrir barninu og viðurkenning á rétti þess til að hafa eitthvað að segja um framgang málsins. Það er jú þess líf og framtíð sem er í veði.

**6** Flýttu þér hægt, hugsaðu ráð þitt og gerðu ekkert í fljótræði. Hafðu að leiðarljósi að allt sem fylgir uppljóstrun sifjaspellamáls verði sem áttakaminnst fyrir barnið. Leitaðu sjálfri/sjálfum þér stuðnings hjá einhverjum sem þú treystir. Að geta rætt málið skýrir oft hvað best er að gera. Við á Stígamótum erum alltaf reiðubúnar til að aðstoða þig með ráðum og leiðbeiningum.

Fari svo að þér takist ekki að fá barnið til að tala við þig um grun þinn eða það er ekki til samvinnu um að eitthvað verði gert í málinu til þess að binda enda á sifjaspellin, getur þú hringt í Barnahús eða til barnaverndarnefnda eða snúið þér til Stígamóta til að ráðgast um hvað sé best að gera. Þú getur líka og átt raunar samkvæmt barnaverndarlögum að tilkynna barnaverndarnefnd í því sveitarfélagi þar sem barnið býr, hafir þú grun eða vissu um að barn sé misnotað kynferðislega. Nánar verður vikið að barnaverndarlögunum síðar.

**7** Reyndu ekki að koma á eða stuðla á neinn hátt að fundi foreldra/is, barns og ofbeldismanns í von um að hægt sé að leysa málin á þann hátt. Eina varanlega lausnin er að ofbeldismaðurinn fari af heimilinu sé hann á sama heimili og barnið.



Sé ofbeldismaðurinn ekki heimilismaður verður að tryggja að hann hafi ekki aðgang að barninu.

**8** Mundu að það að beita barn sífjaspellum er refsivert athæfi sem varðar við hegningarlög. Hin opinbera meðferð slíkra mála á að vera í höndum lögreglu og barnaverndarnefnda. Þú getur hins vegar veitt barninu ómetanlegan stuðning. Það að barnið segir þér frá sífjaspellunum er merki þess að barnið treystir þér. Þú hefur því hlutverki að gegna sem trúnaðarmaður barnsins og málsvari eftir að málið er opnað. Barnið þarf á öllum þínum stuðningi og skilningi að halda svo lengi sem það sjálft vill.

### 3. HLUTVERK BARNAVERNDARNEFNDA OG BARNAHÚSS Í SÍFJASPELLAMÁLUM

Sífjaspell sem og öll önnur kynferðisleg misnotkun á börnum varða við hegningarlög nr. 19/1940. Í barnaverndarlögum nr. 80/2002, er kveðið á um vernd og ummönnun barna og hvernig meðferð barnaverndarmála skuli háttað. Með börnum er samkvæmt lögunum átt við einstaklinga innan 18 ára aldurs. Í öllum sveitarfélögum landsins skulu starfa barnaverndarnefndir. Fulltrúar í barnaverndarnefnd skulu vera fimm og fimm til vara. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna, bæði karla og konur. Sveitarstjórnir kjósa þessa fulltrúa á fjögurra ára fresti að loknum sveitarstjórnakosningum. Minni sveitarfélög (undir 1500 íbúar) skulu sameinast um kosningu fulltrúa í nefndirnar og sveitarstjórnir geta falið félagsmálaráði

störf barnaverndarnefnda. Yfirstjórn og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda er í höndum Barnaverndarstofu sem heyrir stjórnsýslulega undir velferðarráðuneytið.

Í IV. kafla laganna er kveðið á um tilkynningaskyldu almennings til barnaverndarnefnda og herta tilkynningaskyldu þeirra sem hafa, starfs síns vegna, afskipti af börnum verði þessir aðilar (t.d. leikskólastjórar og skólustjórar, kennarar, dagmæður, læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, félagsráðgjafar o.fl.) varir við að barni sé misboðið eða uppeldi þess vanrækt. Þeir sem tilkynna slíkt til barnaverndarnefnda eiga almennt rétt á nafnleynd gagnvart öðrum en nefndinni.

Öllum, sem hafa grun um eða fulla vissu um að barn sé beitt sifjaspellum ber því að tilkynna það viðkomandi barnaverndarnefnd. Barnaverndarnefnd ber jafnframt að kanna slíkar tilkynningar og afla sem gleggstra upplýsinga um málið og leita við það aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Telji nefndin á grundvelli rannsóknar sinnar að barni sé hætta búin, skal hún láta gera skriflega áætlun um meðferð málsins í því skyni m.a. að tryggja sem best hagsmuni barnsins.

Næsta stig í meðferð barnaverndarmáls er að nefndin á að grípa til ýmissa stuðningsúrræða í samráði við foreldra til að tryggja hag barnsins sem best. Nægi það ekki að mati nefndarinnar, getur hún úrskurðað um stuðningsúrræði eða kveðið á um töku barns af heimili til að tryggja öryggi þess. Reynist framangreint ekki nægilegt til að tryggja öryggi barns, getur barnaverndarnefnd krafist þess fyrir dómi að foreldrar, annað eða báðir, skuli sviptir forsjá. Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem orðið er 15 ára (börn eldri en 15 ára eru aðilar

barnaverndarmáls) og verður aðili máls skulu ekki þurfa að greiða fyrir meðferð mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Barnaverndarnefnd getur, með eða án samþykkis foreldra, útvegað barni stuðning og meðferð t.d. barni sem orðið hefur fyrir sífjaspellum. Einnig er kveðið á um að barn sem ekki hefur náð 15 ára aldri, og er ekki sátt við ráðstöfun barnaverndarnefndar um fóstur eða vistun utan heimilis, geti talað máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns. Jafnframt skal barni skipaður talsmaður ef höfða á forsjársviptingarmál. Hlutverk talsmanns er að ræða við barnið og koma á framfæri sjónarmiðum þess. Talsmaður á ekki óskoraðan rétt til aðgangs að gögnum í barnaverndarmáli en barnaverndarnefnd ber að meta hverju sinni hvaða upplýsingar um málið er rétt að talsmaður fái til að geta gegnt hlutverki sínu.

Loks er að geta ákvæðis í 37. gr. laganna. Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Þetta ákvæði ætti að gefa barnaverndarnefndum möguleika til að fjarlægja ofbeldismann í sífjaspellamáli af heimili í stað barns sem er fórnarlamb hans.

Hér að ofan hafa verið rakin helstu ákvæði laga um vernd barna og unglinga sem snerta málsmeðferð og hlutverk barnaverndarnefnda í sífjaspellamálum. Lögin skapa vinnuramma

starfsmanna barnaverndarnefnda en í reglugerð nr. 56/2004 er kveðið á um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Þá hefur í fyrsta sinn verið samþykkt þingsályktun um framkvæmda-áætlun ríkisins í barnavernd sem átti að gilda fyrir árið 2008 og fram til 2010. Þar eru ýmis nýmæli meðal annars varðandi gæðastaðla og eftirlit með vistun barna og unglinga utan heimilis og ný meðferðarúrræði. Þó er ekki loku fyrir það skotið að vinnuaðferðir geti verið breytilegar frá einni nefnd til annarrar. Þó flestar barnaverndarnefndir séu skipaðar fagfólki er þó í dreifbýlinu oft ekki á að skipa faglærðu starfsfólki og líklegt má telja að starfshættir taki á einhvern hátt mið af því.

Í nóvember árið 1998 var Barnahús opnað en hlutverk þess er að veita barnaverndarnefndum aðstoð við rannsókn kynferðisbrotamála gagnvart börnum, foreldrum barna sem þangað er vísað ráðgjöf og börnum meðferð. Stofnunin heyrir beint undir stjórn Barnaverndarstofu og var rekin af henni sem tilraunaverkefni í tvö ár án þess að lagastoð væri til um starfsemina. Árið 2001 var ákveðið að festa starfsemi Barnahúss í sessi. Samkvæmt skýrslu Barnaverndarstofu um starfsemi og stöðu Barnahúss eftir tveggja ára tilraunaskeið voru ástæður fyrir stofnun þess þeir annmarkar sem Barnaverndarstofa taldi að einkenndu vinnslu kynferðisbrota gegn börnum. Þeir helstu voru eftirfarandi:

- (i) Samstarfi hinna ólíku stofnana sem hlutverki höfðu að gegna við rannsókn og meðferð kynferðisbrota gegn börnum var víðast hvar ábótavant.

- (ii) Skortur var á þverfaglegri samvinnu við úrlausn meintra kynferðisbrota.
- (iii) Samræmdar verklagsreglur um vinnslu og meðferð kynferðisbrotamála gegn börnum voru ekki fyrir hendi.
- (iv) Skortur var á fagfólki, sérþekkingu og sérhæfingu í vinnslu málanna þegar litið var á landið sem heild.
- (v) Sterkar vísendingar voru um að velferð barna væri ekki ætíð í öndvegi við rannsókn kynferðisbrotamála.
- (vi) Ljóst var að viðeigandi áfallahjálp og meðferð fyrir börn sem sætt höfðu kynferðisofbeldi og fjölskyldur þeirra var ýmist mjög takmörkuð eða alls ekki fyrir hendi.

Eins og að framan greinir er hlutverk Barnahúss að veita barnaverndarnefndum aðstoð við rannsókn kynferðisbrotamála gagnvart börnum, foreldrum barna sem þangað er vísað ráðgjöf og börnum meðferð. Nefndunum ber engin skylda til að notfæra sér þessa þjónustu, hún er tilboð til barnaverndarnefnda um ákveðna samræmda málsmeðferð í kynferðisbrotamálum.

Samkvæmt starfsreglum Barnahúss geta barnaverndarnefndir falið starfsmönnum hússins, sem eru sérfræðingar í þessum málum, að rannsaka sífjaspellamál og önnur kynferðisbrotamál sem snerta börn og upp kunna að koma í umdæmum þeirra. Í Barnahúsi er aðeins tekið við málum til rannsóknar sem vísað er þangað af barnaverndarnefnd eða þegar dómari óskar eftir því að skýrslutaka fyrir dómi fari þar fram, þegar lögregla fer með rannsókn máls. Í húsinu er sérbúin aðstaða til rannsóknar þessara mála. Þar fer fram rannsóknarviðtal við barnið í sérstaklega búnu viðtalsherbergi og annast starfsmaður hússins það. Þar er einnig hægt að framkvæma læknisrannsókn á barni í fullkomnu

rannsóknarherbergi. Framkvæmd þessara rannsóknarviðtala fer fram samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála (sakamála-laga) nr. 88 frá 2008 með áorðnum breytingum og reglum nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni samkvæmt 123. gr. laga um meðferð sakamála, einkum ef vitnið er yngra en 15 ára.

Rétt er að taka fram að ekki eru öll mál sem berast Barnahúsi frá barnaverndarnefndum sjálfkrafa færð til lögreglu. Ákvörðun um hvort svo verði er tekin af viðkomandi barnaverndarnefnd og getur barnaverndarnefnd óskað eftir liðsinni starfsmanna Barnahúss til að meta hvað gera skuli. Uni forráðamenn barns, sem grunur leikur á að hafi verið beitt sifjaspellum, ekki þeirri ákvörðun, geta þeir sjálfir kært málið til lögreglu.

Að loknu rannsóknarviðtali við barnið halda starfsmenn Barnahúss fund/i með foreldrum barnsins og fulltrúa barnaverndarnefndar um hvort barnið þurfi frekari stuðning og þá með hvaða hætti hann skuli veittur. Hafi greining leitt í ljós þörf á frekari stuðningi geta barnaverndarnefndir óskað eftir meðferð fyrir barnið ásamt ráðgjöf til foreldra. Sérfræðingar Barnahúss sinna greiningu og meðferð í heimabyggð barnsins sé þess óskað.

Óhætt er að fullyrða að stofnun Barnahúss var spor í rétta átt varðandi rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála gagnvart börnum.



# III. HLUTI

## RÉTTARFARSLEG MEÐFERÐ KYNFERÐISBROTAMÁLA

### 1. HEGNINGARLÖG OG SIFJASPELL

Lagareglur um sifjaspell má rekja allt til Rómaveldis hins forna. Samkvæmt þeim lögum voru sifjaspell sem slík ekki refsiverð. Þau voru því aðeins refsiverð að þau brytu í bága við hjúskaparlöggjöf þess tíma en hjúskapur var bannaður milli fólks í sjötta lið. Faðirinn var höfuð fjölskyldunnar og alls ráðandi. Vald hans yfir börnum sínum var algjört. Það er ekki fyrir en á 18. öld að hægt er að tala um að löggjafar líti á börn sem einstaklinga.

Hér á landi féllu sifjaspell undir valdsvið kirkjunnar þar til á 17. öld með tilkomu Stóra dóms. Þá urðu sifjaspell ein af alvarlegustu hegningarlagabrotum samkvæmt þágildandi hegningarlögum. Viðurlög við sifjaspellum voru þá dauða-refsing beggja, ofbeldismannsins og konunnar/stúlkunnar. Sönnunin í slíkum málum var þungun konunnar/stúlkunnar



af völdum náskyldra ættmenna hennar. Undir lok 19. aldar var síðasti dauðadómurinn samkvæmt þessum lögum kveðinn upp hér á landi. Í hlut áttu 15 ára stúlka og stjúpfaðir hennar en stúlkan hafði eignast barn með honum. Þessum dómi var þó ekki fullnægt. Það má því með sanni segja að það að refsá fórnarlömbum kynferðisofbeldis og kenna þeim um ofbeldið, sem þau verða fyrir, eigi sér sögulegar rætur.

### **Almenn hegningarlög**

Núgildandi greinar í almennum hegningarlögum sem taka til sífjaspella og annars kynferðisofbeldis gagnvart börnum, er að finna í XXII. kafla laganna. Greinarnar eru nr. 200, 201, 202, 204 og 205. Þar að auki eru refsibýggingarákvæði í 195. og 198. gr. ef brotþoli er yngri en 18 ára.

Lítum fyrst á 200. gr., sem tekur til hinnar lagalegu skilgreiningar á sífjaspellum.

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.“

Óhjákvæmilegt er að fara nokkrum orðum um þessa grein.

Samkvæmt lögnum teljast það því aðeins sifjaspell að þeir, sem barnið er í beinum blóðtengslum við, geri sig seka um samræði (samfarir) eða önnur kynferðismök við barnið. Önnur kynferðismök eru samkvæmt skilningi laganna samfarir í endaparm eða munn barnsins. Kynferðisleg áreitni er samkvæmt lögnum hvers kyns aðrar kynferðisathafnir.

Sérstaka athygli vekur 3. mgr. greinarinnar þar sem talað er um samræði eða önnur kynferðismök milli systkina. Samkvæmt lögnum eru bæði systkini sek um hegningarlaga brot alveg án tillits til aldursmunar þeirra þegar sifjaspellin eiga sér stað. Það gegnir furðu að löggjafinn skuli líti svo á að t.d. 5 ára stúlka sem er misnotuð af 15 ára bróður, sé ekki síður en hann ábyrg fyrir ofbeldi hans. Samkvæmt ákvæðinu má einnig fella niður refsíábyrgð ef annað systkina eða bæði hafa ekki náð 18 ára aldri þegar verknaðurinn átti sér stað. Því er mögulegt að 17 ára pilti verði ekki refsað fyrir kynferðismök við 5 ára gamla systur sína.

201. gr. laganna er samhljóða 200. gr. hvað varðar refsiramma og skilgreiningu á ofbeldinu að því undanskildu að í þessari grein er talað um þá, sem hafa samræði eða önnur kynferðismök við „barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis.“

Refsiramminn er sem sagt hinn sami fyrir samskonar brot í báðum þessum lagagreinum. Ofbeldisverknaðurinn er því lagður að líku hvort sem barnið er tengt ofbeldismanni blóðtengslum eða ekki.

## 202. grein hljóðar svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.

Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.“

Það vekur sérstaka athygli við þessa grein að heimild er fyrir þyngri refsingu, þegar aðrir en þeir sem barninu eru nákomnastir beita það kynferðisofbeldi, hvort sem það eru kynmök (refsirammi 1-16 ár) eða kynferðisleg áreitni (ef barnið er eldra en 16 ára). Óhjákvæmilega hvarflar sú hugsun að manni að þarna gæti enn fornra hugmynda um að börn séu eign feðra sinna (sbr. að ofan) og þeir geti því gert við þau það sem þeim sýnist. Að minnsta kosti er ljóst að löggjafinn leggur kynferðisafbrot fjarskyldra eða ókunnugra að jöfnu eða lítur þau jafnvel alvarlegri augum en samskonar brot náninna skyldmenna eða þeirra sem ganga börnum í foreldra stað.

Í grein 204 er að finna mildandi refsíákvæði við 201. og 202. gr. laganna. Um er að ræða tilvik þegar kynferðisofbeldið er framið í gáleysi um aldur brotþola. Í dómaframkvæmd hefur allmikið borið á því að ákærði er sýknaður ef hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir aldri brotþola, jafnvel þrátt fyrir að ýmis gögn bendi til annars. Lagaákvæðin um kynferðisbrot gegn börnum miða öll refsíákvæði við form ofbeldisins sem

ofbeldismaðurinn hefur beitt barnið. Lögin taka ekki mið af því að börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi, hvaða nafni sem það nefnist eins og áður hefur verið bent á, upplifa það alltaf sem ofbeldi. Vilji þeirra er brotinn á bak aftur og traust þeirra biður hnekki án tillits til þess hve miklu ofbeldi er beitt í hverju tilviki eða hvort um samfarir er að ræða eða ekki.

Margir, þar á meðal við á Stígamótum, hafa bent á að ákvæði hegningarlaga um sífjaspell og annað kynferðisofbeldi endurspegli úreltar hugmyndir um hvað felist í kynferðisofbeldi gegn börnum en ekki reynslu barna af því.

## 2. RÉTTARFARSLEIDIN

### Lög um meðferð sakamála

Í núgildandi lögum um meðferð sakamála er kveðið á um meðferð sakamála á rannsóknar- og dómstigi. Samkvæmt lögnum fer lögregla með rannsókn kynferðisbrotamála og ákærændur eru ríkissaksóknari, héraðssaksóknari<sup>1</sup> og lögreglustjórar. Að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarfulltrúar svo og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar. Dómstólar dæma um sekt eða sakleysi hins ákærða. Sífjaspell eru sakamál og fellur öll meðferð þeirra því undir þessi lög. Þegar í hlut eiga börn yngri en 15 ára gilda reglur nr. 190/2009

---

1. Ákvæði um héraðssaksóknara kom nýtt inn í nýju sakamálalögin en embættið hefur enn ekki tekið til starfa. Skv. VII. og VIII. ákvæði til bráðabirgða eru ákærændur ríkissaksóknari og lögreglustjórar fram til 1. janúar 2012. Þannig að þegar hér á eftir er talað um ríkissaksóknara á það við allt þar til að embætti héraðssaksóknara hefur tekið til starfa en þá fer héraðssaksóknari með ákærvald í málum er varða brot á XXII. kafla hegningarlaga.

um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni samkvæmt 123. gr. laga um meðferð sakamála, einkum ef vitnið er yngra en 15 ára. Í reglunum er að finna lýsingu á því hvernig standa skuli að skýrslutöku brotaþola sem eru yngri en 15 ára meðan á rannsókn stendur. Í c. lið 1. mgr. 59. gr. sakamálalaga er að finna ákvæði sem heimilar lögreglu að ákveða að skýrslutaka fari fram fyrir dómi ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna einstaklings svo sem ef um börn er að ræða. Því má ætla að lögregla ákveði skýrslutöku af einstaklingum undir 18 ára fyrir dómi ef það er talið þjóna hagsmunum þeirra. Einnig er rétt að geta þess að samkvæmt barnaverndarlögum (2. mgr. 18. gr.) skal gefa fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála svo og skýrslutöku af barni sem brotaþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Hér verður málsmeðferð í sífjaspellamálum á rannsóknar- og dómsstigi rakin í stórum dráttum þegar í hlut eiga börn yngri en 15 ára, og, að metnum hagsmunum barns, allt að 18 ára. Þá verður einnig gerð grein fyrir málsmeðferð, þegar brotaþoli er 18 ára eða eldri, eða 15-18 ára, þegar mál er kært. Eins og ljóst verður af umfjölluninni hér á eftir er kærufarlið allt erfitt. Vonandi verður það þó ekki til þess að draga kjark úr aðstandendum barna og brotaþolum 18 ára og eldri að kæra sífjaspellamál.

### **Réttargæslumaður**

Í sakamálalögum er sérstakur kafli (V. kafli) um brotaþola

og réttargæslumann. Samkvæmt honum er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann við rannsókn kynferðisbrotamáls, óski brotaþoli þess. Sé brotaþoli yngri en 18 ára þegar rannsókn hefst er lögreglu þó alltaf skylt að tilnefna réttargæslumann (41. gr.). Á það skal bent að við tilnefningu réttargæslumanns skal að jafnaði farið eftir ósk brotaþola um val á réttargæslumanni og því er mögulegt fyrir brotaþola að velja sér réttargæslumann og taka hann með sér til lögreglu þegar kært er. Ef lögregla neitar eða trassar að tilnefna brotaþola réttargæslumann, getur hann eða lögráðamaður hans leitað aðstoðar dómara og óskað eftir að hann tilnefni réttargæslumann (2. mgr. 43. gr.). Í öllum tilvikum á brotaþoli í máli því rétt á að hafa réttargæslumann sér til stuðnings sér að kostnaðarlausu meðan málið er í meðferð í réttarkerfinu.

Réttargæslumaður skal vera lögmaður ef þess er nokkur kostur (44. gr.). Hlutverk hans er að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu. Mikilvægast í þessu sambandi er sú skylda sem hvílir á réttargæslumanni að móta bótakröfu fyrir brotaþola, koma henni á framfæri við ákærvaldið og fylgja henni eftir fyrir dómi (45. gr.). Réttargæslumaður á mjög takmarkaðan rétt til að tjá sig fyrir dómi, að öðru leyti en því sem snýr að bótakröfu. Honum er þó heimilt að óska eftir því að dómari beini spurningum til brotaþola, ákærða eða vitna fyrir dómi að því er varðar einkaréttarkröfur skjólstæðings hans. Honum er einnig ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotaþola svo og að vera viðstaddur öll þinghöld í málinu. Meðan á rannsókn máls stendur á réttargæslumaður rétt á að fá aðgang að þeim gögnum máls sem eru nauðsynleg

til að gæta hagsmuna brotþola við gerð bótakröfu í málinu. Þegar mál hefur verið þingfest fyrir dómi á hann rétt á, leyfi dómari það, að fá aðgang að öllum gögnum þess og að láta brotþola í té afrit af þeim (47. gr.).

Ótvírætt er að þessi ákvæði um réttargæslumann eru til mikilla bóta fyrir brotþola í kynferðisbrotamáli. Þau tryggja réttarstöðu þeirra betur en áður var og eiga að leiða til þess að brotþoli skilji betur þetta flókna kerfi og þær reglur sem þar gilda og hann verður þátttakandi í um leið og kæra er lögð fram.

### **Kært til lögreglu**

Sifjaspell eru kærð til lögreglu eða tilkynnt barnaverndarnefnd í því barnaverndar og/eða lögregluumdæmi, sem sifjaspellin fóru fram í. Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærnum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tilkynnir viðkomandi barnaverndarnefnd um kærana sé barn yngra en 18 ára, hafi barnaverndarnefnd ekki áður haft málið til meðferðar. Getur viðkomandi barnaverndarnefnd vísað málinu til Barnahúss til rannsóknar eins og áður er lýst.

Við rannsókn kynferðisbrotamála ber lögreglu að afla allra tiltækra gagna og upplýsinga sem það snerta, þar á meðal frá brotþola, til þess að ákæranda sé fært að ákveða, að rannsókn lokinni, hvort sækja skuli mann til sakar. Þegar brotþoli er yngri en 15 ára verður lögregla að leita til dómara, þegar hún telur það tímabært á rannsóknarferli málsins, til þess að hann taki skýrslu af brotþola. Lögregla má sem sagt ekki sjálf taka skýrslu af brotþola sem er yngri en 15 ára þegar um kynferðis-

brotamál er að ræða. Dómari verður að gera það sjálfur eða að hann getur samkvæmt 9. gr. reglnanna „kvatt kunnáttumann, t.d. sérþjálfaðan sálfræðing eða lögreglumann, sér til aðstoðar við skýrslutöku.“ Við skýrslutöku í Barnahúsi ræðir sérþjálfaður starfsmaður við brotþola undir stjórn dómara, sé málið í rannsókn hjá lögreglu. Dómara ber í sjálfu sér ekki að nýta sér þjónustu Barnahúss, hann getur valið annan stað fyrir skýrslutöku en sá staður á að uppfylla ákveðin skilyrði ef þess er nokkur kostur. Þessi skilyrði eru, að þar skal innrétting, húsgögn og leikföng vera með þeim hætti að barninu líði sem best. Þar á einnig að vera til staðar búnaður til að unnt sé að taka skýrsluna upp á myndband. Jafnframt á húsnæðið að vera þannig úr garði gert að þeir sem ekki eru inn í því herbergi sem skýrslutakan fer fram í en eiga rétt á að fylgjast með henni, geti gert það um leið og hún fer fram. Þeir eiga að geta heyrt og séð allt sem fram fer í gegnum þar til gert gler eða á sjónvarps-skjá. Slíkt húsnæði er nú að finna við nokkra héraðsdóma en flestir þeirra nota sér þjónustu Barnahúss og eru jafnvel með fjarfundabúnað tengdan þangað.

Þeir sem eiga rétt á að vera viðstaddir skýrslutökuna eru réttargæslumaður brotþola, fulltrúi lögreglu og barnaverndar-nefndar, foreldri barns (ætla verður að svo sé alla jafna þó lögin mæli ekki fyrir um það), ákærandi, verjandi ákærða og hinn ákærði.

Telji dómari að nærvera lögreglu, ákæranda, ákærða og verjanda hans geti verið íþyngjandi fyrir brotþola/vitni eða geti haft áhrif á framburð hans, getur hann mælst til að þessir aðilar víki úr því herbergi sem skýrslutakan fer fram



í en þeim skal þá tryggt að geta fylgst með skýrslutökunni gegnum sjónvarp eða þar til gert gler. Ákvæði þessa efnis er að finna í 10. og 14. gr. reglnanna. Þá eiga þessir aðilar einnig rétt á að óska eftir að lagðar verði fram spurningar þeirra fyrir brotaþola (11. gr. reglnanna).

Allar þessar flóknu reglur um hvernig taka eigi skýrslu af brotaþola, sé hann yngri en 15 ára eða jafnvel allt að 18 ára gamall ef það er talið þjóna hagsmunum hans, eru tilraunir löggjafans til þess að mæta þeirri réttmætu gagnrýni á meðferð mála í réttarkerfinu sem m.a. fulltrúar Stígamóta höfðu forgöngu um á sínum tíma og byggði á reynslu brotaþola af þessu kerfi. Í kjölfar þeirrar gagnrýni kom síðan árið 1997 skýrsla og tillögur Umboðsmanns barna um breytingar á réttarfarsreglum sem miða áttu að því að styrkja réttarstöðu barna sem eru þolendur kynferðisofbeldis. Árið 1998 skilaði nefnd sem skipuð var af dómismálaráðuneytinu og hafði það verkefni að athuga réttarstöðu brotaþola og gera tillögur til úrbóta, skýrslu sinni. Lagabreytingarnar sem hér eru raktar byggja á þessum grunni. Jafnframt því að tryggja betur réttarstöðu fórnarlamba kynferðisofbeldis er tilgangur breytinganna að koma í veg fyrir að barn þurfi að segja fjölmörgum fulltrúum kerfisins ítrekað frá ofbeldinu. Barn á sem sagt aðeins að þurfa að segja opinberum aðilum sögu sína einu sinni, þ.e. við skýrslutökuna fyrir dómara. Framburður barnsins er tekinn upp á myndband og það notað við síðari meðferð málsins. Allt hljómar þetta vel og er vafalaust til bóta frá því ófremdarástandi sem ríkti fyrir þessar lagabreytingar varðandi hina opinberu meðferð sífjaspellamála í réttarkerfinu. Enn eru þó atriði í þessu ferli sem

vekja spurningar og verður vikið sérstaklega að þeim síðar í þessum kafla, þegar fjallað hefur verið um réttarkerfið í heild.

Lögregluskýrslur sem liggja fyrir að lokinni rannsókn lögreglunnar, þ.e. myndband af rannsóknarviðtali við brotaþola, skýrslur teknar af aðstandendum brotaþola og öðrum þeim sem kunna að þekkja til málsins svo og starfsmönnum barnaverndarnefndar, meintum ofbeldismanni og hugsanlegum vitnum eiga að gefa eins nákvæma mynd af því sem gerðist og auðið er. Lögregla á einnig að afla allra tiltækra sönnunargagna varðandi málið. Sönnunargögn geta komið fram við læknisskoðun á brotaþola eða þau geta fundist á vettvangi.

Um leið og mál hefur verið kært tekur réttarkerfið málið að sér og rekur það en brotþolar, aðstandendur þeirra og starfsmenn barnaverndarnefnda verða vitni ákærvaldsins. Í því felst að brotaþoli og aðstandendur hans missa allt forræði yfir málinu. Brotaþoli verður vitni í eigin máli og réttarstaða hans verður í samræmi við það. Vitnum ber að aðstoða lögreglu eftir fremstu getu við að upplýsa málið en þau fá engu ráðið um gang þess.

Telji lögreglan ekki efni til að hefja rannsókn eða grundvöll til að halda henni áfram getur hún ákveðið að vísa kæru frá eða fella rannsókn niður en verður þá að tilkynna það brotaþola, án tillits til þess hvort hann hefur kært málið eða ekki. Lögreglu ber einnig að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Lögregla á jafnframt að benda kæranda á þann rétt sem hann hefur lögum samkvæmt, þ.e. að bera niðurfellinguna undir ríkissaksóknara sem þá hefur síðasta orðið um afdrif

málsins (5. mgr. 52. gr sakamálalaga). Slik kæra verður að berast ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að kæranda barst tilkynning um niðurfellingu lögreglu á málinu. Ríkissaksóknari verður síðan að taka afstöðu til málsins innan eins mánaðar frá því að kæran barst honum (6. mgr. 52. gr. sakamálalaga(frávísun).

### **Læknisskoðun**

Sé kæra borin fram stuttu eða strax eftir að upp kemst um sifjaspell og þau hafa staðið allt fram að þeim tíma er læknisskoðun á barninu hluti af rannsókn málsins. Læknisskoðunin beinist fyrst og fremst að því að kanna hvort barnið beri einhver líkamleg merki kynferðisofbeldis. Kannaðir eru hugsanlegir áverkar á innri og ytri kynfærum barnsins og sýni eru tekin vegna hugsanlegrar kynsjúkdómasmitunar og loks er kannað hvort finna megji sæði ofbeldismannsins á líkama barnsins. Læknisskoðanir þessar eru yfirleitt, ef auðið er, framkvæmdar af barnalæknum. Hafi máli verið vísað til Barnahúss fer læknisskoðun fram þar en þar er til staðar mjög fullkomin aðstaða til slíkra rannsókna. Fremur er sjaldgæft að læknisskoðun leiði í ljós, svo óyggjandi sé, að barn hafi verið misnotað kynferðislega. Það er þó ekki merki þess að barnið segi ekki satt og rétt frá, ástæðan er einfaldlega sú að ofbeldismennirnir gæta þess yfirleitt vel að skilja ekki eftir á líkama barnsins merki ofbeldisins.

### **Ákærvaldið**

Rannsaki lögreglan sifjaspellakæru til loka og telji hún að

málið geti leitt til saksóknar, sendir hún það til ákærvaldsins sem ákveður hvort ákæra skuli í málinu. Með ákærvaldið í kynferðisbrotamálum fer ríkissaksóknari (18. gr. sakamálalaga). Telji ákærandi málið ekki ákæruhæft, t.d. vegna skorts á sönnunargögnum, fellir hann málið niður. Hvorki er honum skylt að tilkynna kæranda niðurfellinguna né að gefa skýringar á henni. Í lögnum segir að hann skuli tilkynna það sakborningi „og ef því er að skipta brotþola, enda liggi fyrir hver hann er.“ (1. mgr. 147. gr. sakamálalaga). Ákærandi þarf að rökstyðja ákvörðun sína með vísan til viðeigandi ákvæða 146. gr. en ekki þarf að rökstyðja hana frekar nema brotþoli krefjist þess sbr. 2. mgr. 40. gr. sml.<sup>2</sup>

Í 3. mgr. 40. sakamálalaga er að finna ákvæði um að ákæranda beri að tilkynna brotþola þegar gefin hefur verið út ákæra í máli og einnig ber honum að tilkynna brotþola niðurstöður dóms, „ef því er að skipta, enda hafi hagsmuna hans ekki verið gætt fyrir dómi. Þá ber ríkissaksóknara einnig að tilkynna brotþola um að hann hafi áfrýjað dómi héraðsdóms til Hæstaréttar (4. og 5. mgr. 201. gr. sakamálalaga).

### Héraðsdómur

Komist ákærandi að þeirri niðurstöðu að mál sé ákæruhæft, gefur hann út ákæru á hinn grunaða og sendir málið og öll gögn tengd því til héraðsdómara. Mál er jafnan sótt í þeim héraðsdómi sem lögsögu hefur á þeim stað þar sem brotið var framið.

---

2. Þegar og ef verður af því að embætti héraðsaksóknara verði stofnað þá getur er heimild til þess skv. 3. mgr. 147. gr. að kæra ákvörðun héraðsaksóknara um niðurfellingu máls til ríkissaksóknara.

Málsmeðferð fyrir dómi hefst með því að ákæra er birt. Síðan er skýrsla tekin af ákærða og vitnum og í beinu framhaldi af því fer fram munnlegur málflutningur. Þegar um er að ræða kynferðisbrot og brotaþoli hefur ekki náð 15 ára aldri (eða jafnvel eftir atvikum 18 ára aldri), gildir skýrslutaka undir stjórn dómara sem átt hefur sér stað á rannsóknarstigi málsins sem framburður brotaþola fyrir rétti, nema dómari telji sérstaka ástæðu til annars (2. mgr. 111. gr. sakamálalaga). Þessar sérstöku ástæður eru, samkvæmt skýringum með frumvarpinu, annars vegar að aðstæður hafi breyst verulega frá því að skýrsla var tekin af barninu og hins vegar ef vafi þykir leika á sönnunargildi framburðar þess. Þessa ákvörðun getur dómari tekið að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda eða verjanda ákærða. Dómara er þó ekki skylt að fara eftir kröfu þessara aðila, hann hefur því lokaorðið varðandi þessa ákvörðun. Þá er einnig að finna ákvæði í 4. gr. reglna nr. 109/2009 um að dómari geti ákveðið að skýrslutaka fari fram í dómssal ef brot er smávægilegt og dómari telur að hagsmunum barnsins sé borgið þó skýrslutakan fari fram með venjulegum hætti. Vert er að undirstrika að meginreglan er þó að barn sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi þurfi ekki að mæta sem vitni í réttarsal. Aðalreglan er að skýrsla undir stjórn dómara hafi verið tekin áður en málið er flutt fyrir dómi.

Almenna reglan er að dómþing skuli háð í „heyranda hljóði“ (10. gr. sakamálalaga), þ.e. að það sé öllum opið. Undantekningar eru þó frá þessari reglu. „Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ..[...] að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum....“ (10. gr. sakamálalaga) þegar sérstaklega

stendur á, t.d. til hlífðar brotaþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar. Brotaþoli getur sem sagt gert kröfu um að þinghald í máli hans fari fram fyrir luktum dyrum en lokaákvörðun um það er í höndum dómara. Venjan er að í kynferðisbrotamálum fari réttarhöld fram fyrir luktum dyrum og er þá væntanlega vísað til þess að hlífa beri brotaþola.

Að lokinni skýrslutöku fyrir dómi er málið dómtekið (dómari fer yfir málið og dæmir) og dómur skal að jafnaði kveðinn upp innan fjögurra vikna frá því mál er dómtekið (184. gr. sakamálalaga). Sé hinn ákærði fundinn sekur um nauðgun, dæmir dómari hann til refsingar í samræmi við ákærana og þann refsiramma sem viðeigandi ákvæði hegningarlaga segir til um. Í sífjaspellamálum er oftast um að ræða skilorðsbundna eða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Ríkissaksóknari ákveður hvort hann vill áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar (4. mgr. 21. gr. sakamálalaga). Sakborningur á einnig rétt á að áfrýja dómi til Hæstaréttar en þann rétt hefur fórnarlamb kynferðisofbeldis ekki og helgast það af því að brotaþoli hefur stöðu vitnis ákærvaldsins í réttarkerfinu. Hæstiréttur getur vísað máli frá vegna galla á málatilbúnaði.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir dómar og þeir hafa mikið fordæmisgildi á neðri stigum réttarkerfisins. Vægir dómar Hæstaréttar hafa t.d. áhrif á héraðsdóma og þeir hafa líka áhrif á þær kröfur sem gerðar eru í réttarkerfinu til sönnunar í sífjaspellamálum. Á hæstaréttardóma og þá héraðsdóma sem ekki er áfrýjað er einnig nærtækt að líta sem óbein samfélagsleg skilaboð um hvaða augum réttarkerfið lítur glæpinn sífjaspell.

## **Málsmeðferð þegar brotaþoli er 15 ára eða eldri**

Meðferð sifjaspellamála, þegar brotaþoli er 15 ára eða eldri, þegar mál er kært er hin sama og að framan er greint að undanskyldu því að við kæru er skýrsla af brotaþola alla jafna tekin af lögreglu án þess að dómari sé til kvaddur. Að undanskyldum málum er varða einstaklinga á aldrinum 15-18 ára, koma hvorki viðkomandi barnaverndarnefnd né Barnahús nálægt málinu.

Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tekur skýrslu af brotaþola um atburðinn. Stundum þarf brotaþoli að mæta oftast en einu sinni til skýrslutöku og samprófunar við framburð þess sem kærður er. Samprófun í sifjaspellamálum felst yfirleitt í því að brotaþola er kynntur framburður hins kærða og gefinn kostur á að gera athugasemdir við framburð hans (VIII. kafli sakamálalaga). Lögregluskýrslurnar sem teknar eru af brotaþola, meintum ofbeldismanni og hugsanlegum vitnum, eiga að gefa eins nákvæma mynd af því sem gerðist og auðið er. Lögregla á einnig að afla allra tiltækra sönnunargagna varðandi málið.

Sömu reglur og áður eru raktar gilda um meðferð lögreglu og ríkissaksóknara á málinu og um tilkynningaskyldu þeirra. Þegar kemur að dómsmeðferð ber brotaþola að mæta sem vitni ríkissaksóknara í dómssal og þar tekur dómari skýrslu af honum á sama hátt og öðrum vitnum í málinu.

Vert er að minnast á 1. mgr. 123.gr. sakamálalaga í þessu sambandi. Í greininni segir að dómari geti vikið ákærða úr réttarsal meðan skýrsla vitnis er tekin ef dómari telur að nærvera sakbornings geti verið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða

geti haft áhrif á framburð þess. Fulltrúi Stígamóta, sem sæti átti í nefnd sem gerði tillögur um að bæta réttarstöðu þolenda ofbeldis, reyndi mikið til að fá því framgengt að brotaþoli ætti óskoraðan rétt til þess að sá sem beitt hefði ofbeldinu viki úr réttarsal meðan brotaþoli gæfi skýrslu sína fyrir dómi. Ekki tókst það en flestir dómara hafa skilning á að það sé afar erfitt að gefa skýrslu með meintan ofbeldismann viðstaddan og nota sér þennan rétt sinn þolendum í hag.

### **Kröfur um sönnun**

Sönnunarbyrðin í opinberum málum hvílir á ákærvaldinu. Þetta þýðir að neiti, og jafnvel þó ofbeldismaður játi að hafa misnotað barn kynferðislega, verður ákærvaldið að sanna sekt hans. Sýkna er þó afar ólíkleg í því tilviki. Dómarinn endurmetur þau sönnunargögn sem ákærvaldið leggur fram og metur hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um sekt hins ákærða (109. gr. sakamálalaga). Standi orð ákærða gegn vitnisburði barns og engin sönnunargögn önnur styðja framburð þess, eru litlar líkur á að málið komi til dóms. Slik mál eru yfirleitt ekki send ákæranda og séu þau send honum, fellir hann þau yfirleitt niður. Ríkjandi kröfur um sönnunarmat en þær mótast m.a. af fyrri dómum, einkum Hæstaréttardómum eins og getið var hér að framan, hafa því áhrif á feril máls allt frá því að það er kært til lögreglu. Í 126. gr. sakamálalaga er ákvæði um að dómari meti sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og hugi að ýmsum atriðum við það m.a. þroska en ýmislegt annað kemur og til álita.



Það er ekki aðeins óviðunandi að fáar kærur í kynferðisbrota-  
málum nái dómstigi, dómarnir sem falla eru oftast ekki í sam-  
ræmi við alvarleika brotanna. Vægir dómur í flestum þeirra  
fáu kynferðisbrota mála sem dæmt er í, miðað við ýmsa dóma  
í öðrum brotaflokkum, sker í augun og særir réttarvitund fólks.

Í ljósi þess að algengast er, að börn beri ekki líkamlega  
áverka eftir sífjaspell, að sjaldnast eru vitni að sífjaspellum  
og að algengast er að ofbeldismenn neiti öllum sakargiftum  
eru kröfurnar um sönnunarbyrði í sífjaspellamálum fjarstæðu-  
kenndar og andstæðar hagsmunum barna eins og tölurnar að  
ofan bera með sér. Viðhorf réttarkerfisins til vitnisburðar barna  
í kynferðisbrota mála hefur einkennst af mikilli tortryggni  
og vantrú á hæfni barna til að segja rétt og satt frá því sem  
fyrir þau hefur komið. Obbinn af öllum kærum um sífjaspell  
og annað kynferðisofbeldi gagnvart börnum eru felldar niður  
á öllum stigum þeirra. Fyrst er að nefna að barnaverndar-  
nefndir kæra alls ekki til lögreglu öll þau sífjaspellamál sem  
þeim berast. Í annan stað fellir lögreglan niður mikið af þessum  
málum á rannsóknarstigi og loks ákærir ríkissaksóknari ekki  
nema í hluta þeirra mála sem til hans berast frá lögreglu.  
Ofbeldismennirnir ganga frjálssir en sársaukafullri reynslu  
barna er afneitað.

### **Reglur um fyrningu mála**

Það kemur alloft fyrir að brotaþolar ákveða að kæra sífjaspell  
nokkrum árum eftir að þau hafa hætt. Hafa þeir þá oftast komist  
yfir verstu afleiðingar sífjaspellanna og kærán er stundum loka-  
stigið í því að varpa ábyrgðinni á þeim yfir á ofbeldismanninn.

Ákveðnar reglur gilda um fyrningu sakar. Með fyrningu sakar er átt við að ekki er lengur hægt að kæra mál. Ákvæði um þetta er að finna í 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 82. gr. eru talin upp þau brot þar sem fyrningarfrestur telst frá þeim degi er brotþoli nær 18 ára aldri Samkvæmt 2. mgr. 81. gr., fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. gr., 1. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 201. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri og er það mikil réttarbót. Eins og áður hefur verið vikið að eru skilgreiningar kvenna á nauðgunum aðrar en skilgreiningar réttarkerfisins. Fyrningartími nauðgana fer því eftir því undir hvaða grein hegningarlaganna réttarkerfið fellir kærana. Svo dæmi sé tekið, fyrnist sök sem varðar við 2. mgr. 200 gr. (önnur kynferðisleg áreitni en samræði eða kynferðismök við barn sitt eða niðja) á 5 árum eftir að brotþoli nær 18 ára aldri.

Eins og áður hefur verið vikið að eru skilgreiningar kvenna á sifjaspellum aðrar en skilgreiningar réttarkerfisins. Fyrningartími sifjaspella fer því eftir því undir hvaða grein hegningarlaganna réttarkerfið fellir kærana.

### **Einkaréttarkröfur**

Aðstandendur barns sem hefur orðið fyrir sifjaspellum og málið hefur verið kært til lögreglu, geta krafist ofbeldismanninn um skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hefur valdið barninu. Ákvæði um bótakröfur er að finna í XXVI. kafla sakamálalaga. Bótakrafa er oftast tvíþætt; annars vegar bætur vegna beins fjárhagslegs tjóns og hins vegar bætur vegna miska.

Með beinu fjárhagslegu tjóni er t.d. átt við útlagðan kostnað

vegna læknishjálpar, vottorða og lyfja og kostnaðar vegna lögfræðiaðstoðar. Miskabótum er ætlað að bæta andlegar þjáningar og þau óþægindi sem barnið varð fyrir af kynferðis- ofbeldinu.

Bótakröfur á að gera á rannsóknarstigi málsins, þ.e. meðan mál er enn í höndum lögreglu og þær verða hluti af gögnum málsins. Lögreglan á að upplýsa brotþola um að leggja megi fram bóta- kröfu á hendur ofbeldismanninum. Eitt af hlutverkum réttar- gæslumanns samkvæmt sakamála lögum og fjallað var um hér að framan, er að ganga frá bótakröfu fyrir hönd brotþola.

Sé kærður kynferðisofbeldismaður fundinn sekur um refsivert athæfi og hann sakfelldur, dæmir dómari samhliða um bótakröfuna og ákvarðar bætur sé krafan nægilega skýr og studd gögnum. Ekki er þó sopið kálið þó í ausuna sé komið og má með réttu heimfæra þennan gamla málshátt upp á bóta- kröfur og hlutdeild réttarkerfisins í þeim. Fram til ársins 1996 tryggði hið opinbera á engan hátt að brotþoli fengi greiddar þær skaðabætur sem dómari hafði dæmt honum. Aðstand- endur barns höfðu þannig sjálfir orðið að sjá um að innheimta dæmdar bætur úr hendi ofbeldismannsins. Það kemur varla á óvart að til undantekninga heyrði að ofbeldismenn greiddu fórnarlömbum sínum dæmdar skaðabætur.

Vorið 1993 samþykkti Alþingi þingsályktun um ríkisábyrgð á bótageiðslum vegna grófra ofbeldisbrota og í árslok sama ár var skipuð nefnd á vegum dómismálaráðuneytis til þess að skoða málið. Þessi nefnd lauk þessum þætti starfs síns ári síðar og árið 1995 voru samþykkt lög nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Lögin áttu að ganga

í gildi í janúar 1996 en áður en til þess kom voru gerðar breytingar á þeim sem takmarka ríkisábyrgðina verulega.

Umrædd lög gengu loks í gildi 1. júlí 1996. Samkvæmt þeim fara bótagreiðslur fram með tvennum hætti. Annars vegar þegar bætur hafa verið dæmdar af héraðsdómi eða Hæstarétti og hins vegar þegar sérstök nefnd skipuð af dómsmálaráðherra hefur úrskurðað bætur í málum þar sem ákæra hefur ekki verið gefin út. Sá sem fer með bótakröfu fyrir nefndina verður að hafa kært brot gegn sér til lögreglu og þá lagt fram bótakröfu á rannsóknarstigi málsins. Nefndin ákvarðar síðan bætur en er bundin af þeim hámarks upphæðum bóta sem um er getið í lögnum. Ríkisábyrgðarupphæðirnar eru nú árið 2011 fremur lágar eða hæst kr. 600 þúsund fyrir miska. Verði brotaþola dæmdar hærri bætur þarf hann því að sækja mismuninn til ofbeldismannsins.

Í þessu samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á að með því að kæra ekki þegar ofbeldismaður er ósakhæfur, þ.e. er 15 ára eða yngri, látinn eða ósakhæfur af öðrum sökum er kærandi um leið að glata rétti til að gera bótakröfu í málinu. Þó segir í 3. mgr. 6. gr. laganna að víkja megi frá m.a. skilyrði um kæru til lögreglu mæli veigamikil rök með því.

### **Gæsluvarðhald**

Stöku sinnum eru sakborningar í sífjaspellamálum úrskurðaðir í gæsluvarðhald í tiltekinn tíma, venjulega nokkra daga, meðan á rannsókn máls stendur. Það verður að uppfylla mörg skilyrði eigi að úrskurða mann í gæsluvarðhald. Frumskilyrði eru að fram hafi komið rökstuddur grunur um að hann hafi framið

refsiverðan verknað sem fangelsisrefsing er lögð við og að hann hafi náð 15 ára aldri en við þann aldur verða menn sakhæfir samkvæmt almennum hegningarlögum. Auk þess þurfa að vera uppfyllt einhver viðbótarskilyrða, s.s. að líklegt sé að sakborningur torveldi rannsókn, reyni að komast úr landi, að hann haldi áfram brotum eða að gæsluvarðhaldsvist sé nauðsynleg til þess að verja aðra fyrir árásum sakbornings eða hann fyrir árásum annarra (95. gr. sakamálalaga). Oftast eru kærðir menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald til þess að tryggja að þeir spilli ekki sakargögnum eða hafi áhrif á vitni.

Beiðni um gæsluvarðhald er alltaf borin fram af rannsóknaraðila máls, þ.e. lögreglu, og héraðsdómarar kveða upp slíka úrskurði. Það, hvort farið er fram á gæsluvarðhald og úrskurðað um það, byggir alfarið á mati réttarkerfisins á málinu. Barn sem orðið hefur fyrir sífjaspellum, og/eða aðstandendur þess, geta engin áhrif haft á hvort farið er fram á gæsluvarðhald eða ekki, jafnvel þó þau hafi t.d. rökstuddan grun um eða óttist mjög að ofbeldismaðurinn reyni að hefna sín á þeim fyrir að hafa kært hann. Þau geta beint beiðnum til lögreglu eða saksóknara en ákvörðunarvaldið um hvort gerð verður krafa um gæsluvarðhald liggur hjá þessum aðilum.

### 3. RÉTTARKERFIÐ OG BROTAÞOLAR

Eins og bent hefur verið á hér að framan er allur sá lagarammi sem byggt er á, þegar kynferðisofbeldi er kært, í megindrátum andstæður hagsmunum brotaþola. Þó lögin eigi að vernda persónufrelsi, tryggja öryggi barna og refsa kynferðisbrota-  
mönnum verður útkoman sjaldnast sú. Reynsla brotaþola og

aðstandenda þeirra af því að kæra sifjaspell er yfirleitt neikvæð. Enn gætir fordóma í kerfinu þó úr þeim hafi dregið og brotaþolum og aðstandendum þeirra finnst stundum lítið tillit tekið til sín og sinna þarfa. Sum lýsa reynslunni af réttarkerfinu á þann veg að þeim finnst þau vera sakborningarnir.

Eftir gildistöku laga um meðferð sakamála og endurskoðun hegningarlaga á seinni árum, hefur réttarstaða brotaþola í kynferðisbrotamálum þó batnað nokkuð. Þyngst vega þar ákvæðin um réttargæslumann, ákvæði og reglur um skýrslutöku og tilkynningaskyldu lögreglu og ákærvalds varðandi gang máls svo og ákvæði hegningarlaga um fyrningarfrest og breytingar á kynferðisbrotakafli laganna. Loks skal bent á ákvæði laga um ríkisábyrgð á bótum til þolenda afbrota eins og rakið er hér að framan. En betur má ef duga skal. Hér verður minnst á nokkur atriði sem breyta þarf í meðferð þessara mála af hendi opinberra aðila.

Ákvæðin um réttargæslumann eru mikilsverð fyrir brotaþola. Það skiptir miklu að fá góða leiðsögn um hið framandlega umhverfi réttarkerfisins og flókin lagaákvæði. Ákvæðin tryggja þó á engan hátt að þeir sem taka að sér þetta hlutverk séu starfi sínu vaxnir, þar sem engin ákvæði er að finna um að þessir lögmenn fremur en aðrir starfsmenn réttarkerfisins, skuli hafa sértæka þekkingu á eðli og afleiðingum sifjaspella eða tilfinningalegum þörfum brotaþola og aðstandenda þeirra. Tryggja verður að öllum þeim starfsmönnum réttarkerfisins, sem hafa með þessi mál að gera, hvort heldur eru barnaverndarnefndir, lögregla, réttargæslumenn, saksóknarar eða dómaraar verði gert fært og sæki sér fræðslu um þau, fræðslu sem m.a. er byggð á reynslu brotaþola.

Lagaákvæðin og reglur nr. 190/1999, um tilhögun skýrslu-töku fyrir dómi af brotaþola yngri en 15 ára eru tvímæla-laust til bóta fyrir þolendur að því leyti að börnin þurfa ekki lengur að mæta í réttarsal nema dómari telji sérstaka ástæðu til. Vert er að staldra við að samkvæmt barnalögum er barn einstaklingur yngri en 18 ára en reglurnar gilda einkum ef brotaþoli er yngri en 15 ára. Er það því alfarið mat dómara hvort það þjóni hagsmunum barns 15-18 ára að skýrslutaka fari fram í samræmi við ákvæði reglna nr. 190/1999. Enn er staðan sú að það er undir dómara komið hvort hann nýtir sér heimild til að fá sérþjálfaðan mann til að ræða við barnið eða gerir það sjálfur. Í ljósi þess að afar fá sifjaspellamál berast dómstólum og að dómurum er ekki skylt að þjálfra sig sérstaklega í því að tala við börn undir þessum kringumstæðum, búum við enn við það fyrirkomulag, að fólki án nokkurrar sérþjálfunar er ætlað að taka skýrslu af börnum sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi. Þetta ástand mála er ekki viðunandi. Þó meginreglan sé nú sú að þolendum yngri en 15 ára er ekki ætlað að mæta sem vitni í dómssal, er hún ekki algild, eins og útskýrt var í þættinum um héraðsdóm. Um þetta atriði, nokkuð breytta og jafnvel óljósa stöðu barna 15-18 ára og það að ekki er tvímælalaus reglan um að málsmeðferð fyrir dómi fari ávallt fram fyrir lokuðum dyrum, þegar verið er að fjalla um kynferðisbrotamál, þarf að tryggja rétt brotaþola skýrar. Vald dómara og mat þeirra er í lagákvæðunum og reglugerðinni gert of hátt undir höfði á kostnað réttarstöðu barna.

Staða Barnahúss og starfsemi þess er hvergi tryggð í lögum. Þessi veika staða starfseminnar getur vart staðist til lengdar.

Þess ber að geta að Barnaréttarnefnd Sp hvatti stjórnvöld til að styðja enn frekar við starfsemi Barnahúss og lagði til að Barnahús og starfsemi þess verði meginreglan þegar kemur að rannsókn kynferðisbrotamála gegn börnum og þjónustu við börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Í dag er staðan sú, að flestir héraðsdómar og barnaverndarnefndir á landinu leita aðstoðar Barnahúss.

Ákvæðin um tilkynningaskyldu lögreglu og ákærvalds gagnvart brotaþolum er ágætis réttarbót, þó hún nái ekki til allra stiga máls, sbr. það sem sagt er hér að framan. Rétt hefði þó verið að skylda þessa aðila til að rökstyðja ákvarðanir sínar um niðurfellingu mála en ganga ekki útfrá því að brotaþolar sjálfir krefðust rökstuðnings.

Eins og aðrar breytingar síðari ára á lagaákvæðum varðandi réttarstöðu í sífjaspellamáli, var gildistaka laganna um ríkisábyrgð á greiðslu skaðabóta til brotaþola til bóta. Helsti gallinn á þeim lögum eru ákvæðin um hámark bóta sem ríkisvaldið ábyrgist. Að vera beittur kynferðisofbeldi breytir lífi brotaþola til hins verra. Ábyrgð ríkisins á greiðslu miskabóta vegna þeirra brota eru of lág, hún verður að endurspeglar alvarleika brotanna.

Síðast en ekki síst verður hér vikið að ákvæðum almennra hegningarlaga um sífjaspell og annað kynferðisofbeldi gegn börnum. Þessi lagaákvæði ættu fremur að hafa að leiðarljósi afleiðingar ofbeldisins á börn, frekar en að leggja ofuráherslu á það hvaða aðferðum ofbeldismaðurinn beitir. Þá er einnig vert að minna á það misræmi sem er í lögnum varðandi



lágmarksrefsingu. Í ákvæðunum um nauðgun er miðað við lágmarks og hámarks refsingu, en, utan 1. mgr. 202. gr., eru engin lágmarksákvæði varðandi refsingu að finna í ákvæðum er varða kynferðisofbeldi gegn börnum.

Enn er því margt sem lagfæra þarf og breyta í íslenskum lögum og meðferð kynferðisbrotamála gagnvart börnum. Til þess að breyta kerfinu og hafa áhrif á viðhorf þeirra sem þar vinna til kynferðisbrotamála er okkur nauðsyn að standa saman að kröfum um breytingar sem tryggja betur rétt barna.

### **Af hverju eru tiltölulega fá sifjaspellamál kærð?**

Spurningin svarar sér í raun sjálf, þegar höfð er í huga réttarstaða barna og sú túlkun á kröfunum um sönnunarbyrði sem íslenskt réttarkerfi beitir og rakið hefur verið hér að framan. Auk þess vita börn og aðstandendur þeirra að þau eiga á hættu að mæta lífseigum goðsögnum og fordómum í réttarkerfinu og umhverfinu þegar þau kæra sifjaspell.

Allt stuðlar þetta að því að aðstandendur barna draga við sig að kæra. Vert er að minnast þess að líklegt er að milli 10 og 20% barna verði fyrir sifjaspellum. Af þeim kynferðisofbeldismálum sem leitað er með til Stígamóta á ári hverju, hafa að jafnaði aðeins 10-15% þeirra verið kærð. Fjöldi kæra vegna sifjaspella má því líkja við brot af því sem sést af ísjaka upp úr sjó. Megnið af sifjaspellamálum koma aldrei fram í dagsljósið. Þó fer kærur vegna sifjaspella fjölgandi og er það vel, því fleiri kærur hafa í för með sér að vitund almennings um sifjaspell sem samfélagslegt vandamál vex. Þær leiða einnig til þess að meiri þrýstingur myndast á réttarkerfið að breyta meðferð

sifjaspellamála. Það að kæra er líka í sjálfu sér ótvíræð yfirlýsing barns og aðstandenda um að þau taki ekki á sig ábyrgðina af sifjaspellunum. En börn og aðstandendur þeirra þurfa góðan stuðning til þess að fara gegnum þá þolraun sem kærufarlið stundum er. Þann stuðning er hægt að sækja til Stígamóta.



# IV. HLUTI

## STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA STÍGAMÓTA OG NEYÐARMÓTTÖKU VEGNA NAUÐGANA

### 1. STÍGAMÓT

Stígamót voru stofnuð 8. mars 1990 á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Að stofnun þeirra stóðu konur sem höfðu tekið þátt í starfsemi ráðgjafarhóps um nauðgunarmál, vinnuhóps gegn sífjaspellum, Kvennaráðgjafar og Kvennaathvarfs. Þessar konur höfðu áþreifanlega orðið varar við það í starfi sínu í áðurnefndum sjálfbóðaliðahópum að kynferðisofbeldi var miklu algengara á landi hér en nokkurn hafði órað fyrir. Þeim var líka ljóst að engin þjónusta var til sem mætti þörfum þolenda og var byggð á þeirra forsendum. Stígamót hafa ekki aðeins notið stuðnings kvenna úr ofangreindum hópum, fjöldamörg önnur kvennasamtök studdu stofnun þeirra. Meginstyrkur Stígamóta felst í því að þar er tekið mark á reynslu þolenda kynferðisofbeldis og gengið er út frá henni í öllu starfi.

Í desember 2010 skilaði Inga Vildís Bjarnadóttir meistara-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Efni ritgerðarinnar er mat á þjónustu Stígamóta, sem unnið var úr viðtölum og spurningalistum sem lagðir voru fyrir skjólstæðinga Stígamóta. Lagt var mat á sjálfsvirðinu, kvíða, streitu og þunglyndi hjá tveimur hópum. Annars vegar hjá fólki áður en það fór í sitt fyrsta viðtal og hins vegar hjá fólki sem hafði verið í a.m.k. fjórum ráðgjafarviðtölum.

Niðurstöðurnar sýndu marktækt aukna sjálfsvirðingu. Þunglyndi hafði mælst hjá fyrri hópnum á mörkum þess að vera meðal- og alvarlegt þunglyndi, en hjá þeim hópi sem hafði nýtt ráðgjöf, mældist þunglyndið vægt. Streita og kvíði minnkuðu jafnframt marktækt. Þessar niðurstöður ættu að vera hvatning fyrir það fólk sem veltir fyrir sér að leita sér hjálpar. Það er ekki eftir svo litlu að slæjast að geta aukið sjálfsvirðingu sína, minnkað þunglyndi, kvíða og streitu með því að vinna úr afleiðingum ofbeldis.

Starfið á Stígamótum er kostað af fjárframlögum ríkis, stærri sveitarfélaga, ýmissa félagasamtaka og af eigin fjáröflun. Öll þjónusta Stígamóta við þá er þangað leita er því ókeypis og hún er opin öllum þolendum kynferðisofbeldis eldri en 18 ára (nema málin séu þekkt af barnaverndaryfirvöldum), án tillits til búsetu þeirra. Með allar persónuupplýsingar er að sjálfsögðu farið sem algjört trúnaðarmál. Stígamót eru opin alla virka daga kl. 9 til 18. Á öðrum tímum er hægt að skilja eftir skilaboð á símsvara. Vegna mikillar aðsóknar er nauðsynlegt að hafa samband áður en komið er til þess að forðast bið eftir viðtölum. Sími Stígamóta er **800 6868** ókeypis númer og

**562 6868.** Viðtöl er einnig hægt að panta með tölvupósti. Veffang Stígamóta er: **stigamot@stigamot.is**. Frekari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu Stígamóta. Slóðin er: **www.stigamot.is** Árið 2007 hófst tilraun með verkefni sem var gefið nafnið „Stígamót á staðinn“. Fóru starfskonur Stígamóta til annarra sveitafélaga, oftast í einn dag hálfsmánaðarlega, og buðu þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis á landsbyggðinni, þ.e. einstaklingsviðtöl og lokaða sjálfshjálparhópa. Var þjónustan veitt í Grundarfirði, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Verkefnið lagðist af þegar kreppan skall á en nú hefur það verið endurvakið að hluta til.

Meginmarkmiðin með stofnun Stígamóta eru annars vegar að þau séu staður þar sem konur og karlar sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi, geta leitað til, fengið stuðning og deilt reynslu sinni með öðrum, sem einnig hafa verið beittir slíku ofbeldi eða þekkja það vel. Með kynferðisofbeldi er, auk sifjaspella, nauðgana og kynferðislegrar áreitni, einnig átt við klám, vændi og mansal enda er það reynsla Stígamóta jafnt og annarra kvennasamtaka í heiminum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er og að klám er ein birtingarmynd vændis. Mansal er nútíma þrælasala, en vændi og klám verður ekki aðskilið þar frá, enda um mansal að ræða ef einhver notfærir sér bágar aðstæður einstaklings til að selja hann til kynlífsþjónustu.

Í öðru lagi eru Stígamót fræðslu- og upplýsingamiðstöð fyrir almenning um kynferðisofbeldi.

## **Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar**

Þeim, sem leita til Stígamóta vegna sifjaspella, hefur fjölgað ár frá ári. Síðustu ár hafa sifjaspell verið um helmingur þeirra mála sem koma á Stígamót.

Fullorðnum brotapolum stendur til boða einstaklingsráðgjöf og að taka þátt í sjálfshjálparhópi. Aðstandendum þeirra, s.s. foreldrum, maka og vinum býðst enn fremur ráðgjöf, óski þeir þess. Jafnframt eru veittar allar upplýsingar um réttarstöðu brotþola og aðstoð við að kæra sifjaspell. Á Stígamótum er frásögn þolenda af sifjaspellum ávallt tekin alvarlega. Þegar þolendur leita til Stígamóta koma þeir fyrst í einkaviðtal eða viðtöl, og síðan stendur þeim til boða að taka þátt í sjálfshjálparhópi með öðrum, sem einnig hafa orðið fyrir sifjaspellum.

Einkaviðtöl og sjálfshjálparhópar fyrir fullorðna einstaklinga, sem beittir hafa verið sifjaspellum, miða bæði að því að aðstoða þá við að ná tökum á afleiðingum sifjaspellanna og að byggja á ný upp sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra. Makar/sambýlisfólk geta einnig fengið ráðgjöf og stuðning á Stígamótum svo og foreldrar barna, sem beitt hafa verið sifjaspellum. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og í gegnum tölvupóst.

Grundvallarregla í öllu starfi Stígamóta er að taka ekki ráðin af þeim sem þangað leita. Brotþolar og aðstandendur þeirra ákveða sjálf hvaða þjónustu þau þiggja og í hve miklum mæli. Reynslan af starfi okkar hefur leitt í ljós að sá stuðningur og ráðgjöf, sem veitt eru, skipta brotþola miklu máli og veita ómetanlegan styrk og kjark til að takast á við lífið á ný.

## Fræðsla og upplýsingar um kynferðisofbeldi

Frá upphafi hafa Stígamót reynt af fremsta megni að rækja fræðslu- og upplýsingaþáttinn sem er annað meginmarkmiðið með starfseminni. Mikil áhersla er lögð á að veita almenningi og ýmsum starfshópum, sem þurfa að sinna kynferðisofbeldi, fræðslu og upplýsingar. Boðið er upp á námskeið og fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og hefur umfang þessarar þjónustu farið vaxandi ár frá ári. Þá taka Stígamót virkan þátt í fjölmiðlaumræðu og vinna að því að skapa sem best tengsl við sem flesta samstarfsaðila og stjórnmalafólk m.a. með því að bjóða völdum hópum í eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum. Stígamót skrifa umsagnir um þingmál og stunda öfluga fræðslu og kynningu í skólum, hjá félagasamtökum, starfshópum og fl. og hafa í gegnum tíðina lagt áherslu á fjölbreytta kynningarstarfsemi svo sem ráðstefnur, auglýsingagerð, veggspjöld, málstofur, fjöldagöngur og ýmislegt fleira.

Á Stígamótum er einnig vísir að bókasafni um kynferðisofbeldi. Flestar eru þær bækur þó, því miður, á erlendum tungumálum. Til er safn greina, sem birst hafa á íslensku um efnið. Mikið hefur verið leitað eftir slíku fræðsluefni og almennri fræðslu um starfsemina. Fræðslustarfsemi okkar miðar öll að því að eyða fordómum og goðsögnum um kynferðisofbeldi, fordómum sem afskræma og ógilda reynslu þolenda sifjaspella.

## 2. NEYÐARMÓTTAKA VEGNA NAUÐGANA

Við bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss Fossvogi (LSH) og slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru reknar



Neyðarmóttökur vegna nauðgana, tilrauna til nauðgunar eða annars kynferðisofbeldis, hvort sem um konur eða karla er að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttöku bráðadeildar LSH má snúa sér þangað beint á öllum tímum sólarhrings, gott er þó að hringja áður og boða komu sína. Brotapólar fá þar fyrstu líkamlegu og tilfinningalegu bráða-aðhlynningu, enda er tilgangurinn með þjónustunni að draga úr eða koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt heilsutjón sem oft er afleiðing kynferðisofbeldis. Á Neyðarmóttöku fá brotapólar lækni- og sálfræðingarnir (konur frá einnig kvenskoðun), lyf til að fyrirbyggja mögulegar sýkingar og þungun. Einnig er gerð réttarfarsleg lækni- og sálfræðingarnir til að afla mögulegra sakargagna ef ætlunin er að kæra kynferðisbrotið. Gert er að og lagt mat á áverka og teknar ljósmyndir af þeim til stuðnings við áverkalyfingu. Einnig má líka leita á Neyðarmóttökuna eftir ráðgjöf og stuðningi sálfræðings. Boðin er lögfræðileg ráðgjöf og aðstoð við að leggja fram kæru vegna málsins og eiga allir brotapólar rétt á viðtali við lögmann/réttargæslumann hvort sem kært er í málinu eða ekki, og er það að kostnaðarlausu.

Neyðarmóttöku er skylt að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda ef unglingur er innan 18 ára aldur. Þjónustan er ókeypis og fyllsta trúnaðar er að sjálfsögðu gætt.

## 2. SKRÁ YFIR HEIMILISFÖNG OG SÍMANÚMER

### **Stígamót**

Hverfisgötu 115

símar: 800 6868 og 562 6868

þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði : 800-5353

netfang: stigamot@stigamot.is

heimasiða: www.stigamot.is

### **Kvennaathvarfið**

Reykjavík

sími: 561 1205

### **Ríkissaksóknari**

Hverfisgötu 6, Reykjavík

sími: 530 1600

### **Hæstiréttur**

Dómhúsinu v/ Arnarhól, Reykjavík

sími: 510 3030

### **Barnaverndarstofa**

Borgartún 21, Reykjavík

sími: 530 2600

### **Barnahús**

sími: 530 2500

### **Umboðsmaður barna**

Laugavegi 13, Reykjavík

sími: 800 5999 og 552 8999

heimasiða: www.barn.is

### **Velferðarráðuneytið**

Hafnarhúsinu v. Tryggvagötu, Reykjavík

sími: 545 8100

### **Blátt áfram**

sími: 533 2929

www.blattafram.is

## **Aflið samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi**

Brekku götu 34, Akureyri

sími 4515959

netfang: AflidAkureyri@gmail.com

www.aflidak.is

## **Sólstafir á Vestfjörðum**

sími 8467487

netfang: solstafir@solstafir.is

### 3. HEIMILDASKRÁ

Stuðst hefur verið við eftirfarandi heimildir við gerð þessa bæklingis.

Áslaug Þórarinsdóttir. Kynferðisbrot gegn börnum og unglingum. Kandidatsritgerð í lögfræði, Háskóla Íslands, 1989.

Barnaverndarlög, nr. 58, 1992.

Butler, S. Conspiracy of Silence: The Trauma of Incest, útg. New Glide Publications, San Francisco, 1978.

Finkelhor, D. Sourcebook on Child Sexual Abuse, útg. Sage Publications, London, 1986.

Fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur til félagsmálaráðherra um kynferðilega misnotkun á börnum. 121. löggjafarþing-215 mál, 1996.

Guðrún Jónsdóttir. Surviving Incest: Icelandic and British incest survivors' experiences of incestuous abuse, útg. Háskóla-útgáfan, Háskóli Íslands, 1993.

Kelly, Liz. Surviving Sexual Violence, útg. Polity Press, London, 1988.

Almenn hegningarlög, nr. 19, 1940.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88, 2008.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr 69, 1995.

Nelson, S. Incest: Fact and Myth, útg. Stramullion, Edinborg, 1988.

Reglur nr. 190/2009 um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af vitni samkvæmt 123. gr. laga.

Scully, Diana. Understanding Sexual Violence, útg. Unwin Hyman, Boston, 1990.

Upplýsingaefni frá Eyrúnu Jónsdóttur, verkefnisstjóra.

Grunniðurstöður rannsóknar: Kynhegðun ungs fólks á Íslandi og kynferðisleg misnotkun gegn börnum, samstarfsverkefni Barnaverndarstofu og Rannsóknna og greiningar 2006: <http://www.bvs.is/files/file425.pdf>

